

# Sóknarfæri

Mars 2021

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



- Byggingarlist
- Samgöngur
- Vestmannaeyjar
- Húsgögn
- Sundabrá





# Það þarf meira til



Valþór Hlökkversson  
skrifar

Uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða á Íslandi er áætluð 420 milljarðar króna. Þrátt fyrir þennan vanda, sem hefur magnast allt frá hruni fjármálakerfisins árið 2008, hafa áætlanir stjórnvalda um átak í fjárfestingum ekki skilað sér sem skyldi. Heitstrengingar um innspýtingu í hagkerfið í kreppunni hafa reynst meira í orði en á borði. Það er miður.

„Í síðustu niðursveiflu sem hófst 2008 slógu stjórnvöld á frest nauðsynlegu viðhaldi innviða og öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum. Fjárfesting hins opinbera var í mörg ár langt undir langtímameðaltali. Átak hins opinbera í þessum málum allra síðustu ár hefur skilað auknum fjárfestingum. Þrátt fyrir aukninguna hefur hlutfall þessara fjárfestinga af landsframleiðslu verið undir eða við langtímameðaltal og fer nú lækkandi. Þetta gerir það að verkum að ástandið hefur ekki lagast frá því síðast var lagt mat á uppsafnaða þörf í innviðakerfinu árið 2017. Matið á uppsafnaðri viðhaldsþörf innviða hefur hækkað um 2 prósent á föstu verði á tímabilinu frá

2017 og farið úr 14,2 prósent af landsframleiðslu í 14,5 prósent. Má því segja að verkefnið sé viðlíka stórt nú og það var árið 2017,” segir í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga sem kynnt var í síðasta mánuði.

Mest er þörfin fyrir fjárfestingar í innviðum í samgöngukerfinu, veitukerfinu, raforkukerfinu og fasteignum hins opinbera. T.d. er talið að 160-180 milljarða króna þurfi að setja í vegakerfið, bæði þjóðvegi og vegi í umsjá sveitarfélaga. Víða um land eru hættulegir vegarkafar sem reynir á ef og þegar ferðamenn fara að sækja landið heim. Á höfuðborgarsvæðinu er gríðarleg þörf fyrir vegabætur og m.a. verið rætt um stórverkefni eins og Sundabraut, uppbyggingu þjóðvega í þéttbýli, mislæg gatnamót og fleiri flóttaleiðir út úr borginni. Þá er vitað að umtalsverð uppsöfnuð viðhaldsþörf er í fráveitum víða um land en stór hluti fráveitnanna er orðinn gamall og fyrir löngu tímabært að auka afkastagetu þeirra.

Þó má geta þess sem vel er gert. Á

þessu ári er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg og ríkið muni ráðast í framkvæmdir fyrir 139 milljarða króna. Þetta er vissulega 7,4 milljörðum meira en kynnt var á sama tíma fyrir ári en langt undir væntingum engu að síður. Reykjavíkurborg fyrirhugar framkvæmdir á þessu ári fyrir 28,6 milljarða króna sem er aukning úr 19,6 milljörðum frá árinu á undan og Framkvæmdasýsla ríkisins áætla nú framkvæmdir fyrir 22,8 milljarða króna á árinu sem er veruleg aukning frá því í fyrra þegar hún boðaði 9,3 milljarða króna framkvæmdir. Þá er lítils háttar aukning í fjárfestingum hjá Veitum, Landsneti og SSH. Hins vegar dragast fjárfestingar ISAVIA, Landsvirkjunar, ON og Nýja Landspítalans saman frá árinu á undan. Verst er þó að fjárfestingar Vegagerðarinnar lækka á milli ára úr 38,7 milljörðum í fyrra niður í 27,6 milljarða í ár.

Þessar upphæðir duga ekki til að halda í horfinu. Það þarf meira til.

## Vottun bygginga tryggir ákveðin gæði

„Mygla er ekki eini byggingargallinn sem finnst á húsnæðismarkaðnum en er með þeim verri vegna áhrifa hennar á heilsu og líðan notenda bygginga. Vegna tilvistar þessa byggingargalla á markaðnum auk annarra tekur kaupandi ákveðna áhættu þegar hann fjárfestir í fasteign. Til eru þó leiðir til þess að draga úr þessari áhættu, minnka rekstrarkostnað bygginga til lengri tíma og tryggja kaupanda eða leigjanda ákveðin gæði, það er vottun bygginga,” segir Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærni- og fræðingur hjá Mannviti.

Umræðan um húsnæðismál er ávallt hávær í íslensku samfélagi. Gjarnan er umræðuefnið að framboð nái ekki að anna eftirspurn eða þá breytingar á fasteignaverði. Þá hefur umræðan um mygla í húsum sjálfsagt aldrei verið meiri og virðast flest hús á Íslandi glíma við þann vanda á einhverju stigi.

### Vottun er ákveðin trygging

„Þegar margir heyra „vottaðar byggingar“ hugsa þeir til umhverfisáhrifa byggingarinnar og finnst tilgangur slíkrar vottunar héraðs takmarkaður með alla okkar grænu orku og hreina vatn. Hins vegar tryggir vottun á húsnæði kaupanda ekki aðeins umhverfisvænni byggingu heldur einnig ákveðin gæði byggingarinnar. Þessi trygging felst í því að við vottun á húsnæði þarf framkvæmdaáðili að skila inn gögnum sem sýna fram á að bygging uppfylli kröfur vottunarkerfis. Rekjanleiki sönnunargagnanna tryggir að hönnuðir og framkvæmdaáðilar standist þau gæði sem vottunarkerfið segir til um. Að sjálf-



■ Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærni- og fræðingur hjá Mannviti. „Rannsóknir erlendis sýna að vottaðar byggingar eru hagkvæmari í rekstri, líðan notenda er betri og afköst meiri enda minna af eiturefnum og því bætt innivist.“



■ Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík verður BREEAM vottað húsnæði.

markaðurinn kominn mun lengra í þessum málefnum en hér og að neytandinn sé farinn að átta sig á hagkvæmni vottunar. Rannsóknir þar sýni að vottaðar byggingar eru hagkvæmari í rekstri, líðan notenda er betri og afköst meiri enda minna af eiturefnum og því bætt innivist.

„Þó nokkrar byggingar héraðs hafa fengið vottun, annað hvort samkvæmt breska vottunarkerfinu BREEAM eða norræna umhverfisvottunarkerfi Svansins. Framkvæmdasýsla ríkisins og Reykjavíkurborg hafa verið leiðandi í vottunum bygginga en á síðustu árum hafa sífellt fleiri bæst í hópin. Þar má nefna sem dæmi Hafnarfjörð sem bíður upp á afslátt af lóðagjöldum fyrir vottaðar byggingar. Samanburður á vottaðri byggingu og hefðbundinni byggingu hefur ekki farið fram héraðs en ef við erum að fjárfesta í fasteign og viljum vera viss um húsnæðið uppfylli ákveðnar kröfur um gæði þá er vottun húsnæðis ákveðin trygging fyrir kaupendur. Auk þess hafa fjármálastofnanir farið að bjóða hagkvæmari fjármögnun fyrir vottaðar byggingar sem dregur enn frekar úr fjárhagslegri áhættu framkvæmdaáðila. Ef ég hefði það val á húsnæðismarkaði að velja milli húsnæðis með og án vottunar myndi ég a.m.k. alltaf velja vottun,” segir Sandra Rán að lokum.

mannvit.is

sögu geta byggingar sem ekki fá vottun uppfyllt sömu skilyrði en þar sem ekki er gerð krafa um sönnunargögn til þriðja aðila við hefðbundnar framkvæmdir eru töluvert meiri líkur á því að svo sé ekki. Kostnaður við vottun er takmarkaður ef litið er til líftíma byggingar en getur dregið úr rekstrarkostnaði,” segir Sandra Rán.

### Hagkvæmari byggingar

Sandra Rán segir að erlendis sé



# ISKRAFT

## EO

### HLEÐSLUSTÖÐVAR

Eigum úrval hleðslustöðva fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki. Hagstætt verð, gæði og falleg hönnun.

EO Mini

EO Basic



Margar útfærslur og litir

Ískraft - sérfræðingar í hleðslustöðvum.



Einföld og þægileg uppsetning

## UNIFI NETBÚNAÐUR FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR



### Unifi

Mikið úrval af netbúnaði á hagstæðu verði. Eitt vinsælasta merkið á sviði netbúnaðar.



[www.iskraftt.is](http://www.iskraftt.is)

Nánari upplýsingar og ráðgjöf á [iskraftt.is](http://iskraftt.is)

**ISKRAFT**





# Það er bjart yfir Vestmannaeyjum

Rætt við Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra

■ Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. „Þessi mikli áhugi á íbúðabyggingum hér í Vestmannaeyjum er afar ánægjulegur og raunar með ólíkindum hversu mikill kraftur er í fólki.“

„Það býr ótrúlegur kraftur í þessu samfélagi hér í Eyjum og mikil uppsveifla í framkvæmdum, ekki síst í byggingariðnaðinum. Vestmannaeyjabæjarsamstæðan leggur einnig sitt til málanna en á síðasta ári vörðum við um einum milljarði til fjárfestinga og um svipaða upphæð verður að ræða á þessu ári,“ segir Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum í samtali við Sóknarfæri.

## Bætt aðstaða fatlaðra

Íris segir að bærinn standi í miklum fjárfestingum á gamla Ísfélagsreitnum við Strandgötu en þar sé byggingafyrirtækið Steini og Olli að endurbyggja reitinn í samstarfi við bæinn. „Við erum með hluta af þessari framkvæmd sem eru íbúðir og þjónustukjarni fyrir fatlaða. Þetta er 800 m<sup>2</sup> húsnæði á 2. og 3. hæð. Þar er verið að innrétta 7 íbúðir með þjónustukjarna og skammtímavistun en að auki erum við með 3 félagslegar íbúðir fyrir fólk í sjálfstæðri búsetu. Þessi bættu aðstaða verður afhent í vor og þá taka við framkvæmdir innanhúss. Margvísleg önnur starfsemi er á reitnum, m.a. 15 íbúðir á efstu hæðum, bankaútibú og þekkingarsetur svo eitthvað sé nefnt.“

## Ný slökkvistöð og búningaklefar

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu er Vestmannaeyjabær að ljúka byggingu nýrrar slökkvistöðvar í bænum. Á þessu ári verður 265 milljónum króna varið til verkefins sem mun ljúka í sumar. Samtals kostar þessi framkvæmd ríflega 400 milljónir króna. „Þessi nýja bygging verður kærkomin en hún hefur verið allengi á döfinni. Einnig er verið að reisa viðbyggingu við áhaldahúsið sem mun gjörbylta starfsmanna- og skrifstofuástöðu þjónustumiðstöðvar bæjarins eða áhaldahússins sem hefur verið óbreytt frá árinu 1974. M.a. verða settir upp kynjaskiptir klefar, glæsileg kaffistofa, búningaklefar og sturtuadstaða.“

Við Hásteinsvöll er verið að byggja nýja búningaklefa undir stúkunnari á vellinum þar sem núverandi aðstaða uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til keppni í efstu deild knattspyrnu í dag. Þar munu bæði kvennalið og karlalið ÍBV fá sína eigin aðstöðu og einnig verða þarna klefar fyrir gestalið, starfsmenn, dómara o.s.frv. Þetta



■ Ráðhús Vestmannaeyja flytur senn í uppgert hús Guðjóns Samúelssonar.

Ljósmynd: Óskar P. Friðriksson.



■ Við Hásteinsvöll er verið að byggja nýja búningaklefa undir stúkunnari á vellinum.

er kærkomin framkvæmd öllu áhugafólki um íþróttir og uppbyggingu tengda þeim,“ segir Íris.

## Viðamikil gatnagerð

Á þessu ári verða gatnaframkvæmdir í Eyjum miklar auk hefðbundins viðhalds. M.a. er verið að ljúka framkvæmdum við nýja botnlanga í Foldahrauni og Goðahrauni og er byggingu húsnæðis þar ýmist lokið eða langt komið. „Þessi mikli áhugi á byggingu íbúða hér í Vestmannaeyjum er afar ánægjulegur og raunar með ólíkindum hversu mikill kraftur er í fólki. Við hjá bænum verðum að hafa okkur öll við til að mæta eftirspurn eftir lóðum og erum að huga að deiliskipulagi fyrir ný hverfi auk þess sem áhugi er á að skipuleggja og byggja á nokkrum stöðum innan núverandi marka. M.a. er horft til gamla malarvallarins í þeim efnum en það er augljóslega hagkvæmt og skynsamlegt að þétta byggðina án þess þó að ganga of langt í þeim efnum. Einbýlishúsa- og raðhúsaloðir í Goðahrauni og Áshamri hafa runnið út eins og heitar lummur en nýlega var fjórum raðhúsaloðum úthlutað í Áshamri og er jarðvinna og ▼



[www.mannvit.is](http://www.mannvit.is)

# Stuðlum að sjálfbæru samfélagi



Sjálfbærni í verkfræði skapar hagkvæmar lausnir, viðskiptavinum og umhverfi til hagsbóta. Við vitum að þær ákvarðanir sem við tökum í dag, munu hafa áhrif á velferð fólks og umhverfis á morgun. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á sjálfbærni í öllu okkar starfi.

Mannvit rekur níu starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á öllum verkstigum.



**MANNVIT**





■ Nýlega var fjórum raðhúsalóðum úthlutað á Áshamri.



■ Nú er verið að ljúka framkvæmdum við nýja botnlanga í Foldahrauni og Goðahrauni.

lagnavinna í fullum gangi þar. Einnig er verið að undirbúa hönnun nýrrar álmu við Hamarsskóla þar sem tónlistarskólinn verður til húsa ásamt frístundaverinu og bættri aðstöðu fyrir nemendur og og starfsfólk.“

#### Gullmoli Guðjóns

Bæjarskrifstofur Vestmannaeyjabæjar hafa um hríð verið í bráðabirgðahúsnæði vegna endurbóta á ráðhúsinu. „Ökkur Eyjamönnum þykir vænt um þessa byggingu sem margir telja fegursta hús Guðjóns Samúelssonar. Húsið er nú tekið í gegn frá A-Ö og þegar endurbótum er lokið mun stjórn-sýsla bæjarins og tæknideild á ný verða þar til húsa. Eftir að sú stefna var tekin að búa bænum framtíðarhúsnæði í þessu einstaklega fallega húsi erum við að vinna við endurbætur á 3. hæð Fiskiðjuhússins þar sem ætlunin er að byggja upp nýsköpunar- og frumkvöðlasetur á næstu árum.“

Íris nefndir að síðustu að nú er af krafti unnið að bættum lausnum í fráveitumálum skv. áætlun þar um. Segir hún að 75% húsa í Vestmannaeyjum séu nú tengd víðurkennndri fráveitu til að uppfylla nútímakröfur. Áfram er unnið að því að tengja þau hús sem eftir eru og reiknað með ljúka því á



■ Ljósleiðaravæðingin í Vestmannaeyjum verður bylting, segir Íris bærarstjóri.

næstu 3 árum. Þá er að auki unnið að endurbótum á gömlum kerfum og lögnum, oftast samhliða öðrum framkvæmdum t.d. byggingum eða gatnaviðhaldi.

#### Samgöngunet nútímans

„Ég vil loks nefna ljósleiðaravæðinguna hér í Eyjum sem við teljum brýnt hagsmunamál enda um að ræða eitt mikilvægasta samgöngunet nútímans. Þótt að í Vestmannaeyjum búi tæplega 4.400 manns hefur fjar-skjpta-fyrirtækjunum ekki þótt fýsilegt að fjárfesta í slíku kerfi hér. Hins vegar er bærin of stór til þess að falla undir dreifbýlisstyrki sem lítil samfélög á landbyggðinni hafa notið til slíkra framkvæmda. Þess vegna brugðum við á það ráð að fara af stað sjálf og er hönnun ljósleiðarakerfisins í þéttbýlinu hafin en slíkt kerfi mun veita öruggt þráðbundið netsamband öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Einnig stendur eigendum frístundahúsa í dreifbýlinu til boða að tengjast ljósleiðaranum. Þessi samgöngubót verður bylting,“ segir Íris bærarstjóri að endingu.

vestmannaeyjar.is


## Mannauðurinn skiptir máli

„Mannauðurinn skiptir öllu í nútíma rekstri fyrirtækja og afar mikilvægt að nýta allan kraftinn sem í starfsfólkinu býr. Um leið þarf að tryggja að öllum líði vel í sínu starfi. Oft hafa millistjórnendur þetta verkefni með höndum og með starfsmenntun og þjálfun geta þeir reynst ómetanlegir,“ segir Skúli Sigurðsson, forseti Sambands stjórnendafélaga í samtali.

Innan vébanda STF eru nú 11 félög um land allt með samtals um 3.600 félagsmenn. Félagin eru misstór og starfa sjálfstætt, fjögur þeirra reka eigin skrifstofur en hin ekki. Skrifstofa Sambands stjórnendafélaga er í Hlíðasmára 8 í Kópavogi og þar starfa nú fjórir starfsmenn en að auki eru tvö aðildarfélög með aðstöðu á sama stað.

#### Þjónustumiðstöð stjórnenda

Síðastliðið vor lauk endurbótum á um 400 m<sup>2</sup> húsnæði Sambands stjórnendafélaga í Hlíðasmáranum en allur eignarhluti á hæðinni þar var endurskipulagður utan um starfsemi sambandsins og að auki tveggja aðildarfélaga. „Þróunin síðustu ár hefur verið sú að skrifstofa STF hefur tekið yfir fleiri verkefni og þannig orðið þjónustumiðstöð fyrir félagsmenn út um landið. Við erum fjögur hér á skrifstofu sambandsins og síðan njótum við samvistanna við starfsfólk hjá Brú, félagi stjórnenda og Verkstjóra- og stjórnendafélaga Hafnarfjarðar. Það er frábært að vera í stærri hópi sem vinnur að sömu markmiðum. Við erum stöðugt í sambandi við okkar fólk um land allt, mest í gegnum síma nú um stundir en þegar við sjáum á bak



■ Starfsfólk á skrifstofu STF í Kópavogi, frá vinstri: Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir skrifstofumaður, Skúli Sigurðsson forseti, Jóhann Baldursson framkvæmdastjóri og Erna Hilmarisdóttir skrifstofustjóri.

pestinni erum við afar vel í stakk búin að taka á móti fólki.“

#### Frábært fjarnám stjórnenda

„Stjórnendanámið okkar gengur mjög vel og er alltaf stígangandi í því. Þetta er frábært fjarnám fyrir vinnandi fólk og hægt að stunda það með 100% vinnu. Símenntun Háskólans á Akureyri annast námið en það er samstarfsverkefni starfsmennta-sjóðsins okkar og Samtaka atvinnulífsins. Þetta nám er frábært tækifæri fyrir millistjórnendur og allir sammála um að þar öðlast fólk ómetanlega þekkingu í

mannauðsstjórnun og leikni til að stjórna starfsfólki með góðum árangri. Þess má geta að nemendur geta fengið styrk úr starfsmenntasjóði STF og SA sem stendur undir 80% kostnaðar og oft leggja fyrirtækin til það sem upp á vantar,“ segir Skúli í samtali.

#### Öflugasti sjúkrasjóðurinn

Sjúkrasjóður verkstjóra var stofnaður 1974 og hefur hann mjög mikilvægu hlutverki að gegna fyrir félagsmenn í aðildarfélögum Sambands stjórnendafélaga. „Ég get fullrytt að sjúkrasjóðurinn

okkar er einn sá albesti á landinu. Hann veitir mjög góð réttindi til launa og annarrar aðstoðar í slysa- og veikindatilfellum auk þess sem hann léttir undir með fjölskyldum félagsmanna þegar andlát ber að höndum. Þá á sjóðurinn og rekur sjúkraibúð í Kópavogi fyrir þá félagsmenn utan af landi sem þurfa að leita sér lækninga á höfuðborgarsvæðinu.“

stf.is




VELJUM ÍSLENSKT

# Njótum garðsins í sumar

## Nú er rétti tíminn til að byrja að fegra garðinn fyrir sumarið

Við bjóðum landsins mesta úrval af hellum og hleðslusteinum fyrir veröndina, garðinn og innkeyrsluna. Pantaðu tíma í ráðgjöf hjá landslagsarkitektunum okkar.



[bmvalla.is](http://bmvalla.is)

Stöndum vörð um íslenska framleiðslu



**BM-VALLÁ**



# Þorpið rís í Gufunesi



■ Runólfur Ágústsson, þróunar- og verkefnastjóri þorpsins vistfélags: „Það var afar rausnarlegt af Reykjavíkurborg að úthluta þessari glæsilegu sjávarlóð undir íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur en frá lóðinni er óviðjafnanlegt sjávarútsýni yfir Geldinganes og Viðey.“

Gríðarlegur áhugi hefur verið á íbúðum fyrir fyrstu kaupendur í nýrri byggð í Gufunesi en það er fasteignapróunarfélagið Þorpið vistfélag sem stendur fyrir uppbyggingunni. Hluti húsanna er þegar risinn en um er að ræða 3-5 hæða þyrpingu íbúðarhúsa sem hverfist um miðlægt torg og garða. Íbúðir verða 137 talsins. Í sumar verða 45 íbúðir afhentar og 41 íbúð í árslok. Á næsta ári lýkur verkefninu með afhendingu 51 íbúðar og lokafrágangi á lóð.

## Vel útfærð hugmyndafræði

„Við getum fullyrt að hugmyndafræði þorpsins vistfélags er vel útfærð; að byggja hagkvæmar íbúðir fyrir fólk sem vill eignast þak yfir höfuðið án þess að þurfa að ráðstafa nær öllum framtíðartekjum sínum til margra áratuga í húsnæði. Við erum að gera þetta allt óðrúvísi en flestir verktakar til að ná niður byggingakostnaði, m.a. með því að leita allra leiða til að hanna og byggja litlar íbúðir sem uppfylla samt allar þarfir þeirra sem í þeim munu búa.“ segir Runólfur Ágústsson, þróunar- og verkefnastjóri þorpsins vistfélags. Auk hans eru í forsvari fyrir Þorpið þau Sigurður Smári Gylfason framkvæmdastjóri og Áslaug Guðrúnardóttir stjórnarformaður.

„Íbúðir þorpsins eru allar eins í grunninn og hver einasti fersentimetri fullnýttur til að lækka verð íbúða. Við sömduð við Eykt um byggingu húsanna í alverktöku, Landsbankinn og Arctic Finance annast alla fjármögnun og Sólveig Berg og félagar hennar hjá Yrki útfærðu hugmyndir okkar í glæsilegum húsum. Þá er starfsmannahald og yfirbygging hjá okkur í lágmarki en allt þetta leiðir til sparnaðar og almennt aukinnar hagkvæmni sem kaupendur njóta í lægri verðum en þekkist á markaðnum.“ segir Runólfur enn fremur.

Byggðin í Þorpinu hefur létt yfirbragð og verður fjölbreytt í lita- og efnisvali. Um er að ræða 5 íbúðarhús, 3ja hæða í suðurhluta, 4ra hæða í vestur- og miðhluta og svo 5 hæða í austurhluta lóðarinnar. Staðsetning húsa innan hverfisins er ákvörðuð eftir veðurfræðilegri ráðgjöf til að mynda skjól um sólríka garða og torg og hámarka útsýni til sjávar. Göngustígar í nágrenni eru tengdir í gegnum í svæðið.

## Hagkvæmur byggingarmáti

Byggðinni er skipt upp í þrjá áfanga og íbúðirnar eru af fjórum gerðum; stúdíó, tveggja, þriggja og fjögurra herbergja. Þrjú stiga- og lyftukjarnar eru í íbúðarhúsunum og þau tengd saman um svalaganga og brýr. Byggirnar eru settar saman úr steiptum einingum sem unnar eru innanhúss við bestu aðstæður. Burðarkerfi



■ Fjölbýlishúsin í Þorpinu hafa létt yfirbragð og þar ríkir fjölbreytni í lita- og efnisvali. Yrki arkitektar eiga heiðurinn af hönnun þeirra. Myndir: Yrki arkitektar.



■ Mikil áhersla er lögð á sameign í húsum þorpsins. Hér má sjá leikaðstöðu sem verður sólrík og skjólgóð.

## Seldar á föstu verði

Íbúðirnar í Þorpinu eru á föstu verði sem hækkar ekki samhliða almennum markaðshækkunum á íbúðaverði, heldur einungis út frá byggingavísitölu sem endurspeglar raunkostnað við byggingu húsanna. Þetta er samkvæmt samkomulagi þorpsins og Reykjavíkurborgar um hagkvæmt húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og ungt fólk.


húsanna er byggt upp með forsteyptum samlokueiningum í útveggjum, sóklar eru forsteyptir en botnplata er staðsteypt. Innveggir íbúða og á milli þeirra og gangar eru úr forsteyptum einingum. Einangrun útveggja er forsteypt í samlokuútveggja-einingarnar. Gluggar og hurðir eru úr timbri,

formálaðir og settir í eftirá. Svalir og svalagangar eru úr forsteyptum einingum sem sitja á stálsúlum til að fyrirbyggja kuldaþrýr og leka. Byggingareiningarnar koma frá Steypustöðinni/Loftorku í Borgarнесi.

## Grænt hverfi við sjó

Þorpið er samkvæmt skipulagi hluti af grænu íbúðarsvæði við sjó en deiliskipulag fyrir Gufunes, nýjasta hverfi Reykjavíkur, byggir á verðlaunatilögu hollensku arkitektastofunnar Jvantspijker + Felixx sem árið 2016 hreppti fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni um svæðið.

„Það var afar rausnarlegt af Reykjavíkurborg að úthluta þessari glæsilegu sjávarlóð undir íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Frá lóðinni er óviðjafnanlegt útsýni yfir Geldinganes og Viðey en ylströnd verður við höfnina í um 500 metra fjarlægð frá Þorpinu og tengist því með göngu- og hjólastíg sem liggur með sjónum. Mikil áhersla er lögð á riflega sameign á lóðinni, m.a. verður þar kaffihús og vinnuástaða, hjóla- og vagnageymsla, pósthús, þvottaástaða fyrir íbúa, sparkvöllur, götuboltavöllur, deilibílastæði og



■ Íbúðirnar eru allar eins í grunninn, þ.e. stofa og eldhús í miðrými og herbergi til hliðar. Gríðarlegur sparnaður ef að slíkrí útfærslu.

stórt sólríkt torg með grillastöðu fyrir framan kaffihúsið þar sem fólk hittist. Bílastæði eru öll utan við íbúasvæðið. Byggðin er skipulögð þannig að garðrýmin eru í góðu skjóli fyrir veðri og vindum og fullt tillit tekið til sólarátta og áhersla lögð á sameiginlegan frágang allra garðrýma. Loks eru við íbúðarbyggðina matjurtagarðar í landi Reykjavíkurborgar til afnota fyrir íbúa til ræktunar þar sem verður heimilt að gera vermireiti og gróðurskýli.“

thorpidvistfelag.is



# EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

FYRSTI ÍSLENSKI BYGGINGAVÖRUFAMLEIÐANDINN  
MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

## YFIRLAGSPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í þök þar sem einangrun er hulin með þakdúk eða pappa.

## UNDIRLAGSPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í þök undir yfirlagsplötu þar sem einangrunin er hulin með þakdúk eða pappa.

## LOFTSTOKKAPLATA


Bruna- og hljóðeinangrun á loftstokka.

## STOKKAEINANGRUN

Steinullareinangrun með álímdri netstyrktri álfílm. Einangrun ætluð til notkunar utan á sívala loftræstistokka sem bruna-, hita- og hljóðeinangrun.

## ÍMÚR

Steinullareinangrun sem ætluð er fyrir íslenska múrkerfið ÍMÚR. Til notkunar á steypa eða hlaðna veggi utanhúss eða að innanverðu.



## ÞAKULL / ÞÉTTULL M/VINDPAPPA

Steinullareinangrun með áföstum vindpappa sem ætluð er á þök.

## ÞÉTTULL

Steinullareinangrun í veggi og gólf þar sem einangrunin verður ekki fyrir álagi.

## VEGGPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er undir loftræstar klæðningar, utan á þétt burðarvirki.

## ÞÉTTULL ÞÉTTULL PLÚS

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í milliveggi eða grindur útveggja að innan úr tré eða stáli.

## SÖKKULPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er utan á sökklá og undir botnplötu á fyllingu.







## Hinn upphaflegi Tryggvaskáli

Tryggvi lét reisa húsið austan við fyrirhugað brúarstæði. Þessi upphaflegi Tryggvaskáli var 7,6 x 6,38 metrar að grunnfleti eða um 48 fm með lágu risi. Efnið í hann kom tilhöggvið frá Kristiansand í Noregi. Uppi gátu verkamenn sofið og þar var eldhús í austurendanum. Niðri í vesturendanum voru tvö herbergi en geymsla austan megin, dyr á miðri suðurhlíð og einn gluggi hvoru megin. Skálinn var fullsmíðaður 6. ágúst 1890.



## Skálinn nú

Enn mótar fyrir elsta hluta skálans á milli rennanna á miðju húsi og viðbyggingum til beggja handa. Nær á myndinni er Stóri salurinn sem byggður var 1934. Þar voru löngum sveitaböll og samkomur.

# Tryggvaskáli 130 ára

## BYGGINGARLISTIN



Björn G. Björnsson skrifar



Undir aldamótin 1900 voru stórar Suðurlands enn óbrúaðar og miklir farartálmur. Hugmyndir voru þó uppi um að brúa Þjórsá og Ölfusá. Árið 1887 samþykkti Alþingi að veita 60.000 krónum til að brúa Ölfusá, þótt kostnaðarætlun væri hærrí. Tryggvi Gunnarsson alþingismaður og athafnamaður tók verkið að sér og sumarið 1890 lét hann byggja hús fyrir brúarsmiðina við árbakkann. Þetta hús er Tryggvaskáli.

Tryggvi samdi við fyrirtæki í Newcastle um að byggja brúna. Efnið kom til Reykjavíkur og var selflutt þaðan til Eyrarbakka, dregið á ísilagðri Ölfusá upp að brúarstæðinu og komið þangað í lok janúar 1891. Verkið gekk vel og brúin var vígð 8. september með viðhöfn. Lengd brúarinnar var 113 metrar, þar af um 75 metrar á milli aðalstöpla. Járnið í brúna var um 50 tonn. Brúin hafði strax mikil áhrif á umferð um Suðurland, leiðir breyttust og byggð tók að myndast við brúna þar sem Selfoss er nú.

### Fyrstu gestgjafarnir

Vorið 1901 fluttu fyrstu gestgjafarnir í Tryggvaskála, hjónin Þorfinnur Jónsson og Guðlaug Einaradóttir. Þau hafa áttað sig á þeirri umferð sem fór um brúna og settu strax upp gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn. Tryggvaskáli hentaði vel fyrir þess konar starfsemi á hinum nýju krossgötum umferðar um Suðurland.

### Miðjan færst til

Miðstöð verslunar og þjónustu á Suðurlandi var löngum á Eyrarbakka. Eftir að Ölfusá var brúuð færðist miðpunkturinn ofar í landið og Tryggvaskáli varð sá miðpunktur. Stofnun bankaútibús hafði lengi verið í deiglu og 1917 var samþykkt að stofna útibú Landsbankans. Eyrbekkingar töldu rökréttast að þeir fengju útibúð en framsýnir menn horfðu þó á brúarspordinn og þann miðpunkt sem hann gæti orðið og stjórn bankans valdi útibúinu stað á Selfossi. Bankinn var í Tryggvaskála fyrsta árið, bæði starfsemin og starfsmennirnir sem gistu í Skálanum. Frá 1890 hafði alltaf

## Skálinn stækkar

Þorfinnur og Guðlaug létu byggja þrisvar við Skálann. 1902-1904 byggðu þau geymsluskúr austan við hann og 1907 lengdu þau Skálann til vesturs. Árið 1911 var skúrinn rifinn og reist steinsteypt viðbygging með kjallara. Gistiherbergjum fjölgaði við þetta. Við aðalinnganginn var byggt lítið anddyri. Árið 1920 byggði Þórður Þórðarson efri hæð ofan á allt húsið og Guðlaugur Þórðarson byggði Stóra salinn árið 1934 við austurendann sem breytti allri aðstöðu til fjölmennara samkomuhalds.



■ Tryggvi Gunnarsson, alþingismaður og bankastjóri.

verið talað um Tryggvaskála við Ölfusárbrú en það breyttist með tilkomu bankaútibúsins sem var nefnt útibúð á Selfossi.

### Flóðin 1930, 1948 og 1968

Í kjölfar hlýinda og rigninga í lok febrúar 1930 urðu miklir vatnavextir í Ölfusá. Íbúar í Tryggvaskála fóru ekki varhluta af þessu og



## Konungssalurinn

Í júní 1921 heimsótti Kristján 10. konungur Ísland ásamt Alexandrínu drottningu og prinsunum Friðriki og Knúti. Fóru þau um Suðurland með fríðu föruneyti og gistu í Tryggvaskála eina nótt. Þar sátu þau góða veislu næsta dag í ljósbláa salnum á efri hæð húsins sem enn í dag er aldrei nefndur annað en Konungssalurinn.

flóðið 1930 líklega stærsta flóð í ánni fram að þeim tíma. Áætlað vatnsmagn þess flóðs er nálægt níföldun á vatnsmagni árinna á venjulegum degi. Vatnið inni í Skálanum var rúmlega 30 sentimetra hátt. Útidrym Skálans var haldið lokuðum og varð að fara í bát út um glugga á Skálanum, en flóðið sjatnaði fljótt. Annað mjög stórt flóð varð í Ölfusá 1948 og enn eitt 1968. Skálinn stóðst þau öll þótt mikið gengi á.

## Tryggvaskáli endurgerður

Haldið var í upphaflegan hluta Skálans, stíl og efni, en eitt af meginmarkmiðum við viðgerðina var að gera upphaflegan Tryggvaskála sýnilegan sem og að halda í þær viðbyggingar sem komu síðar. Efnið sem notað var í elstu elstu gerð Skálans frá 1890 er enn til staðar og var haldið í hverja fjöl. Vinna við viðhald og endurbyggingu hófst sumarið 1998 og tók tíu ár. Páll V. Bjarnason arkitekt var hönnuður breytinganna.

### Fjölskyldurekstur í 32 ár

Árið 1942 keyptu Brynjólfur Gíslason kokkur og Kristín Árnadóttir kona hans Skálann. Þau sinntu mikilli þjónustu við hernámsliðið og flesta sem leið áttu um Selfoss. Þau hjónin, ásamt börnunum, eru samofin sögu skálans og í umsjón þeirra varð Skálinn að því félagsheimili sem hann varð fyrir samfélagið. Hjónin ráku greiðasölu í Tryggvaskála í 32 ár. Selfosshreppur keypti Skálann af þeim 1. apríl 1974 og þar með var greiðasölu og gistingu hætt.

### Skálafélagið stofnað

Árið 1996 var ljóst að Selfossbær myndi ekki láta gera Skálann upp. Þá lögðu nokkrir einstaklingar á ráðin um stofnun félags um varðveislu og viðhald Skálans. Svo fór að 60 manns komu saman á stofnfundi Skálafélagsins og í maí 1998 var undirritaður samningur þar sem Skálafélagið fékk húsið til eignar endurgjaldslaust auk fasts fjárframlags til viðgerðar á húsinu til sex ára.

### Sýning á vordögum

Tryggvaskáli er nú einstaklega fallegt hús. Þegar komið er inn í húsið í dag sést vel hvar fyrsti áfanginn var, verkamannaskýli brúarsmiðanna frá Newcastle. Gerð hefur verið sýning um sögu Tryggvaskála í 130 ár og verður hún opnuð í Skálanum á vordögum.



# ER KOMINN TÍMI Á NÝTT GLER ?

VIÐ SÉRSMÍÐUM GLER  
EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRAÐ GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- SPEGLAR

The logo for Ispan Glerborg is displayed within a white circular graphic. It features the word "Ispan" in a large, bold, blue sans-serif font, with a registered trademark symbol (®) to its upper right. Below "Ispan" is the word "GLERBORG" in a smaller, blue, all-caps sans-serif font. The logo is flanked by two horizontal teal bars, one above and one below the text.

**Ispan**<sup>®</sup>  
GLERBORG

SMIÐJUVEGI 7 200 KÓPAVOGUR SÍMI 54 54 300 ISPAN.IS



# Borgarlínan lögð af stað

Framkvæmdir við fyrstu lotu Borgarlínu eru hafnar en þeim á að ljúka á árinu 2023. Annars vegar er um að ræða áfanga frá Hamraborg í Kópavogi yfir nýja Fossvogsbúð að Hlemmi og hins vegar frá Hlemmi upp á Ártúnshöfða. Þetta er 13 km leið með 25 misstórum stöðvum. Að mati danskra sérfræðinga og Mannvits mun fyrsta lota Borgarlínu skila 25,6 milljarða samfélagsáþata á næstu 30 árum.

## Stefnir í óefni

Spár gera ráð fyrir að árið 2040 verði íbúar höfuðborgarsvæðisins orðnir um 300.000 talsins. Sérfræðingar telja að haldist ferðavenjur óbreyttar, þ.e. flestir ferðist þá um á einkabílum eins og nú er, muni tafir í umferðinni aukast verulega. Lausnin sé sú að bjóða upp á fleiri valkosti fyrir fólk að komast á milli staða, m.a. að koma á öflugum almenningssamgöngum sem mæta þörfum sem flestra. Það dragi úr bílaumferð og greiði leið þeirra sem kjósa þann valkost áfram. Þessi leið hefur verið farin alls staðar í sambærilegum borgum erlendis og gefist vel.

## 13 kílómetra leið

Fyrsti áfangi Borgarlínu nær yfir 13 km leið sem liggur frá Höfðanum og að Hamraborg með stoppum á Hlemmi, Lækjartorgi, við Háskólann í Reykjavík og á fleiri stöðum. Alls munu 11 leiðir Strætó aka að hluta í sérrými að fyrstu lotu lokinni, eða á tæpum fjórðungi af leiðum Strætó. Uppbygging sérrýmis í fyrstu lotu hefur jákvæð áhrif á leiðir sem um 80% íbúa höfuðborgarsvæðisins eru í göngufæri við. Rannsóknir hafa sýnt að blönduð, hæfilega þétt byggð og gott aðgengi að tíðum almenningssamgöngum ræður mestu um hvort fólk noti þennan samgöngumáta.

## Nýr þróunarás

Lega Borgarlínu er engin tilviljun en hún byggir á samgöngu- og þróunarásnum sem eru skilgreindir í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040. Gert er ráð fyrir að meginuppbygging íbúða og þétting byggðar í borginni verði á svæðum meðfram Borgarlínunni og þróunarásnum. Borgarlínu er ætlað að vera drifkrafturinn í þróun höfuðborgarsvæðisins í átt að sjálfbærni kolefnishlutlausu borgarsamfélagi þar sem fólk fær raunhæft val um vistvæna ferðamáta með aðgengilegum almenningssamgöngum, hjóla- og göngustígum. Þá mun Borgarlínan tengja höfuðborgarsvæðisins saman með tíðum ferðum og háu þjónustustigi.


## Vandaðar stöðvar

Vandaðar og vel hannaðar stöðvar Borgarlínu munu stuðla að auknu öryggi og þægindum farþega, óháð vedri. Stöðvarnar sem skiptast í tengistöðvar og almennar stöðvar verða kennileiti sem falla vel að umhverfinu og skapa spennandi borgarrými. Áhersla verður lögð á góða aðstöðu fyrir reiðhjól og önnur létt farartæki við stöðvarnar sem auðveldar fólk að ferðast síðasta spölinn á umhverfisvænan hátt. Brautarpallurinn verður í sömu hæð og gólf vagnsins en það auðveldar farþegum aðgengi.


Aðgengi allra verður tryggt á stöðvunum en því fylgir að upplýsingar séu aðgengilegar, leiðilínur fylgi viðeigandi stöðlum og þreplaust aðgengi í vagna og á brautar-



■ Fyrsti áfangi Borgarlínu nær yfir 13 km leið sem liggur frá Höfðanum og að Hamraborg með stoppum á Hlemmi, Lækjartorgi, við Háskólann í Reykjavík og á fleiri stöðum.



■ Vagnar Borgarlínunnar verða liðvagnar, knúnir af innlendum, vistvænum orkugjöfum. Vagnarnir verða ýmist 18 m langir [einn liður] eða 24 m langir [tveir liðir] og því lengri en hefðbundnir strætisvagnar og geta tekið allt að 160 farþega. Vagnarnir verða rýmri að innan en hefðbundnir almenningsvagnar og hafa bæði tröppulausan gólfhlöt og tröppulaust aðgengi frá brautarpalli.



■ Borgarlína mun liggja í miðju göturýminu þar sem því verður við komið. Akgreinar fyrir bíla verða beggja vegna stöðvanna.

palla. Þá verður útlit og uppbygging samræmd á öllum borgarlínustöðvum til að það myndist heildstætt útlit fyrir Borgarlínuna.

## Vistvænir vagnar

Vagnar Borgarlínunnar verða knúnir vistvænum innlendum orkugjafa. Borgarlínan

mun aka eftir sérrými á götum þar sem vægi almenningssamgangna er í fyrirrúmi. Allt umhverfi Borgarlínunnar mun bera svipmót léttlesta en vagnarnir geta blandast bílaumferð til að komast á leiðarenda utan sérrýma. Fargjöld verða greidd áður en gengið er inn í vagninn, þannig að farþegar geta gengið um borð án tafa.

Borgarlínan mun liggja um gömul og ný hverfi. Í grónum hverfum þarf að aðlaga og breyta skiptingu göturýmingsins að viðmiðum Borgarlínunnar. Í nýjum hverfum, eða hverfum þar sem mikil endurnýjun á sér stað, er göturýmið aðlagað að Borgarlínunni strax í upphafi.

## Ferðavenjur að breytast

Í könnun Maskínu á síðasta ári kom fram að hlutfall þeirra sem keyra á einkabíl hefur lækkað um rúm 8% frá árinu á undan. Á sama tíma fjölga þeim sem nota aðra ferðamáta, s.s. að hjóla, ganga eða taka Strætó. Þegar fólk er spurt hvernig það myndi helst vilja ferðast til vinnu eru breytlingarnar enn umfangsmeiri. Einungis 35% myndu kjósa einkabílinn en hinir myndu kjósa annan ferðamáta. Ljóst er af þessu að fjölbreytni er að aukast umtalsvert, sem rímar vel við aukna áherslu sveitarfélagna á höfuðborgarsvæðinu um að stórefla almenningssamgöngur.

## Félag um betri samgöngur

Mikilvægt skref í samvinnu ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu næstu 15 árin var stigið þegar hlutfélagið Betri samgöngur var stofnað formlega í Hörpu 2. október á síðasta ári. Félagið mun fjárfesta fyrir um 120 milljarða króna á framkvæmdatímabilinu í stofnvegum, innviðum Borgarlínu, lagningu göngu- og hjólástiga, umferðarstýringum og öryggisáðgerðum. Meðal verkefna sem félagið mun sinna er uppbygging Borgarlínu, tenging Arnarnesvegur við Breiðhóltsbraut, breyting gatnamóta Bústaðavegur og Reykjanesbrautar og færsla Miklubrautar í stökk.

[borgarlinan.is](http://borgarlinan.is)



■ Stöðvar Borgarlínu munu skiptast í tengistöðvar og almennar stöðvar. Þær verða kennileiti sem falla vel að umhverfinu og skapa spennandi borgarrými.





STYTTRI  
FRAMKVÆMDA-  
TÍMI

# Krosslímðar timbureiningar

Umhverfisvænn og öruggur valkostur



SVANSVOTTUÐ  
FRAMLEIÐSLA  
3010 0030



FRELSI Í  
HÖNNUN

Element ehf. flytur inn krosslímð timbur frá austurríska framleiðandanum KLH Massivholz GmbH.

Í gegnum verkefni okkar með krosslímð timbur höfum við aflað okkur mikillar sérþekkingar og reynslu sem nýtist viðskiptavinum okkar. Við njótum þess að vinna að verkefnum okkar og tökum fagnandi nýjum áskorunum.

Við nýtum áralanga reynslu okkar úr byggingargeiranum og áunna sérþekkingu til þess að veita viðskiptavinum okkar heildarþjónustu hvað varðar krosslímð timbur.

Með því að koma snemma inn í hönnunarferlið getum við hámarkað nýtingu, lágmarkað kostnað og samræmt mismunandi sjónarmið.

element.is



No: 3010 0030





# Utanhússklæðningar og hljóðvistarlausnir

Áltak hefur lengi verið leiðandi fyrirtæki í áklæðningum á hús en hefur á liðnum árum bætt við sig ýmsum vöruflokkum eins og hljóðvistarlausnum, sölu og leigu steypumóta, iðnaðarhurðum og vöruhúsarekkum svo fátt eitt sé nefnt. Við tókum hús á Guðmundi Hannessyni, framkæmdastjóra Áltaks í Fossaleyni 8 í Reykjavík.

## Álið er úrvalsefni

„Íslenska veðráttan hefur fyrir löngu sýnt að hún er ekkert lamb að leika sér við og þess vegna hafa menn átt í erfiðleikum með að verja húsin fyrir veðri og vindum. Tilkoma áklæðninganna hefur gjörbreytt þessu og hafa þær fyrir löngu sannað gildi sitt. Álið er gríðarlega endingargott, það er létt og afar sterkt auk þess sem það er allt að 100% endurvinnanlegt. Áltak flytur inn margs konar lausnir og við erum með á lager yfir 30 liti til að velja úr. Við flytjum álið mest inn frá Þýskalandi og bjóðum eingöngu upp á gæðafni sem standast íslenskar aðstæður og hafa endingartíma sem mældur er í áratugum.“

## Sléttar plötur og báruál

Áltak býður efni í allar útgáfur áklæðninga. Þar má nefna plötur sem eru formaðar eins og með þarf og hafa margar nýjar útgáfur rutt sér til rúmst gegnum árin og er ekkert lát á. „Miklu máli skiptir að rétt undirkerfi og festingar séu



■ Guðmundur Hannesson, framkæmdastjóri Áltaks. „Báruefnið er alltaf vinsælt, bæði á þök og vegg og framleiðum við báru úr lituðu áli og ólituðu aluzinki. Efnið er valsað hér í vélunum hjá okkur í óskalgendum viðskiptavina.“

notaðar hverju sinni og bjóðum við ráðgjöf með allar okkar lausnir.“

## Valsað ál fyrir klæðningar og þök

Áltak hefur um árabíl verið með eigin framleiðslu á báruáli, klæðningar og þök. Einnig hafa bæst við fleiri gerðir í framleiðslu s.s. smábára, stallað ál og trapiza. „Báruefnið er alltaf vinsælt, bæði á þök og vegg og framleiðum við báru úr lituðu áli og ólituðu aluzinki. Efnið er valsað hér í vélunum hjá okkur í óskalgendum viðskiptavina. Afgreiðslutíminn er

stuttur eða aðeins 2-4 dagar,“ segir Guðmundur.

## Hljóðvistin skiptir máli

Áltak býður einnig fjölmargar lausnir sem bæta hljóðvist í byggingum og er útfærsla og hönnun þeirra með ýmsum hætti. Allir þekkja hversu þreytandi bergmál og glymjandi getur verið og má segja að ákveðin bylting hafi orðið með tilkomu hljóðvistarlausna. „Ecophon SOLO plötur hafa t.d. reynst einstaklega vel á heimilum, í kennslustofum, skrifstofum og opnum rýmum. Nýttísku hýbýli og



■ Áltak býður fjölmargar lausnir sem bæta hljóðvist í byggingum og er útfærsla og hönnun þeirra með ýmsum hætti.

skrifstofuhúsnæði eru gjarnan opin og gólf klædd parketi, flísum eða öðrum hörðum efnum. Þetta gerir að verkum að ómtímenn lengist og hljóðvistin því slæm. Úr þeim ágalla er auðvelt að bæta með plötum sem gera vistina notalega án þess að spilla útlitinu.“

Ecophon plötur eru með Akutex yfirborði sem er mjög sterkt og þolir vel þvott með rökum klút og einnig ryksugun. „Þessar plötur hafa mjög gott hljóðisög og hægt er að fá þær í fjölmörgum smekklefum út-

færslum. Einnig bjóðum við aðrar lausnir til að bæta hljóðvist sem henta vel fyrir t.d. iðnaðareldhús, drykkjar- og matvælaíðnað, votrymi íþróttahúsa, skrifstofur, verslanir, veitingastaði og sjúkrahús svo eitthvað sé nefnt.“

altak.is

## Stólpí Gámar fyrir atvinnulífið



## Stólpí Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannastöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vöruyfður frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket- og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)



**Stólpí Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



WWW.ISMAR.IS  / ISMAR



# VÉLSTÝRINGAR OG LANDMÆLINGATÆKI

**ÞEGAR GÆÐI OG ÞJÓNUSTA SKIPTA MÁLI!**

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA



SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS



Þróunarfélagið Vistbyggð að stíga tímamótaskref í Urriðaholti í Garðabæ

# Fyrstu Svansvottuðu híbýlin á Íslandi í almenna sölu

Þróunarfélagið Vistbyggð ehf. er um þessar mundir að setja á markað fyrstu Svansvottuðu íbúðirnar sem boðnar eru í almennri sölu hér á landi. Um er að ræða 16 tveggja hæða 180 fermetra raðhús með 5 svefnherbergjum við Urriðaholtsstræti í Garðabæ. Benedikt Ingi Tómasson, framkvæmdastjóri Vistbyggðar segir markmiðið með stofnun Vistbyggðar að vinna að heilnæmri fasteignarþróun á Íslandi. Að Vistbyggð standa fyrir tækin Element ehf., Beka ehf., Smáragarður ehf. og verktafyrirtækið Húsheild.

Til að fá Svansvottun á íbúðirnar vinna Vistbyggð og samstarfsaðilar allt frá fyrsta degi hönnunar íbúðanna út frá þeim kröfum sem vottunin gerir um t.d. byggingarefni og efnisval.

„Það þýðir meðal annars að við fylgjum hugmyndafræði um heilnæm híbýli, vinnum með loftgæði, hljóðgæði, birtustigi í húsunum, innra skipulag og góða nýtingu. Sem dæmi sleppum við bílskúr og það undirstrikar hversu rík áhersla er á íbúðarhúsnæðið sjálft og hvernig það heldur utan um íbúana. Og síðast en ekki síst er veigamikill þáttur í þessu verkefni að húsin sé byggð með eins lágu kolefnisfótspori og mögulegt er,” segir Benedikt Ingi en sjálf Svansvottunin á íbúðirnar fæst þegar framkvæmdum er lokið og komið er að sölu húsa.

„Húsin við Urriðaholtsstræti eru því þau fyrstu á almennum markaði sem eru Svansvottuð. Það er stór áfangi,” segir Benedikt Ingi en ráðgert er að um mitt



■ Benedikt Ingi Tómasson, framkvæmdastjóri Vistbyggðar.



■ Sextán raðhús Vistbyggðar við Urriðaholtsstræti í Garðabæ eru nú komin í sölu. Húsin eru 180 fermetrar að stærð og fimm svefnherbergi í hverju.



■ Í raðhúsum Vistbyggðar í Urriðaholti er fylgt hugmyndafræði um heilnæm híbýli, hugað að loft- og hljóðgæðum, birtustigi í húsunum, áhersla lögð á góða nýtingu og innra skipulag.

ár hefjist framkvæmdir við 19 íbúðir til viðbótar sem byggja á sömu hugmyndafræði.

## Híbýlin stuðli að vellíðan og betri heilsu

Húsin eru reist úr krosslímdum austurískum timbureiningum og



■ „Okkar markmið að stuðla að bættri heilsu og vellíðan fólks sem við teljum lykilinn að betra lífi,” segir Benedikt.

raunar segir Benedikt Ingi að lögð sé áhersla á að öll byggingarefni húsa séu náttúruleg.

„Hvort sem það eru byggingarefni sjálf, lýsing, hljóðvist eða skipulag þá er grundvallaratriði í verkefninu að við veljum öll þau efni og allar þær útfærslur sem eru jákvæð fyrir heilsu íbúanna. Sem dæmi birtist þetta í lýsingunni sem er þáttur sem hefur t.d. veruleg áhrif á hvenær við verðum þreytt og syfjuð. Náttúruleg birta stýrir okkur og við vinnum líka út frá rannsóknum sem sýna að náttúruleg munstur hafa góð lífedlisfræðileg áhrif á fólk. Í íbúðabyggingunum mætast margar sérfræðigreinar, samspil sálfræði við byggingarlist og síðan samspil hennar við efnisval og ýmsar faggreinar byggingariðnaðarinnar. Út frá þessum þáttum í heild sinni er okkar markmið að stuðla að bættri heilsu og vellíðan fólks sem við teljum lykilinn að betra lífi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er mikill áhugi á þessum áherslum á húsnæðismarkaðnum hér á landi. Enda

verjum við 90% af tíma okkar innandyra og meirihlutanum af þeim tíma inni á heimilunum. Þess vegna er svo mikilvægt að íveru rými okkar séu hönnuð og byggð með þeim hætti að þau láti þér líða vel,” segir Benedikt Ingi.

## Margir fagaðilar kallaðir til

Í þessu verkefni og hugmyndafræði leiðir Vistbyggð saman fjölmarga öflugra fagaðila á sínum sviðum. Þar má nefna Arkís arkitekta sem vinnur að hönnunarpættinum, verkfræðistofuna Eflu sem kemur að ráðgjöf, verkfræðilegum þáttum á borð við pípu-lagnir og loftræstingu, auk hljóðráðgjafar. Einnig nefnir Benedikt Ingi fyrirtækið Liska ehf. sem er sérhæft í raflagna- og lýsingarhönnun. Þá kemur fyrirtækið Element ehf. einnig að verkefninu en það hefur haslað sér völlu á undanförunum árum í byggingu húsa hér á landi úr krosslímdum timbureiningum.

vistbyggd.is

# TUDOR rafgeymar

Stórir traustir **TUDOR** rafgeymar fyrir öll atvinnutæki



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta





SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



■ Vandað híbýli er sælureitur fjölskyldunnar.





# Allt fyrir öryggið!

Öryggisvörur, fatnaður og öryggisskór

*Við veitum vinnustöðum og einstaklingum faglega og sérhæfða ráðgjöf.*

*Við finnum bestu lausnina fyrir þig!*



allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | [dynjandi.is](http://dynjandi.is)





## ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021

# Stórsýning í Höllinni í haust

**Undirbúningur fyrir sýninguna „Íslenskur landbúnaður 2021“ sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 8.-10. október stendur nú sem hæst. Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar, sýningarhaldara hafa fjölmörg fyrirtæki þegar pantað bása og stefnir í sannkallaða stórsýningu í haust. Síðasta sýning var haldin árið 2018 og sló hún öll aðsóknarmet í Höllinni.**

„Ég er handviss um að sýningin mun vekja mikla athygli og gagnast landbúnaðinum í heild.

Landbúnaður spannar allt landið og er afar mikilvægur í samfélaginu. Sjálfur held ég að greinin muni eflast í framtíðinni því að ungt fólk sækir í fjölbreytnina. Íslenskur landbúnaður er síður en svo einhæfur og getur byggt á sínu góða orðspori sem felst í hreinum og hollum framleiðsluvörum. Þá ber að hafa í huga að millistéttin vex víða með ógnarhraða og þannig opnast stöðugt nýir markaðir fyrir heilnæmar landbúnaðarvörur.“

**Fjölbreytt flóra sýningaraðila**  
Ólafur segir að gestir geti búist við fjölbreyttri sýningu þar sem fyrirtæki og stofnanir kynni sínar áherslur. „Það verður mikið af stórum og litlum tækjum, bæði á úti- og innisvæði. Þarna verða allir helstu vélasalar landsins og þjónustufyrirtæki landbúnaðarins. Þá eru fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu og húsbýggingum ýmis konar áberandi. Mikið af ýmsum rekstrarvörum verða kynntar og ekki síst framleiðsla bænda. Matvæla- og afurðafyrir-

tæki kynna einnig sínar fjölbreyttu og gómsætu afurðir.“

**Fyrirlestrar um landbúnað**  
Í hliðarsal í Laugardalshöllinni verða haldnir fyrirlestrar um allt milli himins og jarðar tengt landbúnaði, bæði fyrir lærða og leikna. „Á seinustu sýningu voru afar áhugaverðir fyrirlestrar og vafalítið hefur bæst í hugmyndabankann,“ segir Ólafur og minnir á að dagskráin verði birt á [bbl.is](http://bbl.is) þegar hún liggur endanlega fyrir. Félagsmönnum í Bændasamtökunum er

öllum boðið á sýninguna og þar að auki fá fyrirtækin sem taka þátt fjölda boðsmiða til þess að koma til sinna viðskiptavina. „Við finnum mikinn áhuga hjá almenningsi á sýningunni sem er til marks um áhuga á íslenskum landbúnaði í dag. Framtíðin í þessum geira er sannarlega björt.“

Nánari upplýsingar veita Ólafur M. Jóhannesson framkvæmdastjóri sýningarinnar, [olafur@ritsyn.is](mailto:olafur@ritsyn.is), sími 698 8150 og Inga Ágústsdóttir, [inga@ritform.is](mailto:inga@ritform.is) og síma 898 8022.

## Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fáanlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavöruverslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.



RPC

**sæplast**

HLUTI AF RPC GROUP



# Festum rætur

## — vistvæn byggð

### í faðmi náttúrunnar



Í vistvænum húsum Vistbyggðar í Urriðaholti geturðu fundið þinn samastað.

Kjarnahugmynd Vistbyggðar er sú að heimilið myndi lífræna heild við íbúa og umhverfi. Heimilið á að vera náttúrulegur hluti af umhverfinu og það á að vera staður þar sem okkur finnst eðlilegt og áreynslulaust að búa og lifa. Í Vistbyggð sameinast umhverfi og híbýli í eitt.

Það hefur aldrei verið skýrara en nú hve nauðsynlegt það er að búa í friðsælu og nærandi umhverfi. Að búa á stað sem gerir okkur kleift að vinna í ró og næði – en líka að búa á stað sem hleður batteríin, stað sem er fullkominn fyrir fjölskyldustundir og vínafundi. Við þurfum að hafa pláss til að anda, hvort sem það er saman eða sitt í hvoru lagi.

Þessar víddir, inni og úti – sem áður voru andstæðar – mynda lífræna heild í vistvænum húsum Vistbyggðar.

Kynntu þér kosti vistvænna heimila á [vistbyggd.is](http://vistbyggd.is).





■ Daníel Þór, sölumaður hjá Þ. Þorgrímssyni og Co. „Það er gaman að fræða viðskiptavini um korkinn, sérstaklega í seinni tíð þar sem fólk vill sýna æ meiri samfélagslega ábyrgð í umhverfismálum.“

# Korkurinn er einstakt efni

Þ. Þorgrímsson og Co. er gamalgróin byggingavöruslun en það var stofnað árið 1942. Fyrirtækinu óx fljótt fiskur um hrygg en mikill skortur var á byggingavörum í landinu eftir stríð. Helstu viðskiptalönd voru Bandaríkin, Spánn og England. Fyrirtækið þjónar í dag byggingarmarkaðnum með sölu á hverskonar byggingavörum til klæðninga á loftum, gólfum og veggjum bæði innan- og utanhúss. Einnig sérhæfir Þ. Þorgrímsson og Co. sig í hljóðeinangrunarlausnum fyrir hífýli, verslanir, skrifstofur o.fl. Er þá fátt eitt upp talið.

## Áhersla á nýjungar

„Vöruframboð okkar hefur breyst töluvert frá stofnun fyrirtækisins sem Þorgrímur Þorgrímsson stórkaupmaður setti á laggirnar. Hann lagði áherslu á vörur sem sköpuðu tækifæri og framfarir í landinu með innflutningi á tækja- og vélbúnaði til steypuvinnu, jarðvinnu, ásamt dráttarvögnum og hafnarkrönum til löndunar. Byggingarvörur hafa verið mikilvægur þáttur nánast frá upphafi enda hafa þær einkennt starfseminu í meira mæli en ýmislegt annað,“ segir Daníel Þór, sölumaður hjá fyrirtækinu.


Daníel segir að hjá Þ. Þorgrímssyni og Co. hafi alltaf verið lögð áhersla á að bjóða það besta á markaðnum og vera leiðandi í að kynna tækninýjungar og framfarir í byggingarefnum. „Vöruúrval okkar er að ýmsu leyti sérstakt þar sem við höfum lagt áherslu á nýjungar alla tíð. Slík vara krefst oft á tíðum meiri og faglegri kynningar en þau efni



■ Miklu skiptir að bæta hljóðvist með árangursríkum hætti.



■ Korkurinn er umhverfisvænt efni og 100% endurvinnanlegt.



■ Þ. Þorgrímsson og Co. býður mikið úrval klæðninga á veggjum innanhúss og utan.

## Korkurinn einstakt efni

Þ. Þorgrímsson og Co. hóf snemma innflutning á korki til einangrunar en smám saman jókst salan á korki til að leggja á gólf og vegg. „Náttúrukorkurinn hefur fylgt okkur frá byrjun og er í dag efni sem við erum þekktir fyrir að leggja áherslu á. Korkurinn er að okkar mati með einstaka eiginleika hvað varðar einangrunargildi, mýkt, höggþol, endingu og hljóðvist. Þetta þekjja margir af áratuga reynslu af korkinum.“

Daníel minnr á að á undanfórnum árum hafi átt sér stað vitundarvakning hvað varðar náttúru og umhverfisvernd en einnig vistvæni og endurnýjanleika. „Þar skorar korkiðnaðurinn mikilvægustu mörkin með samfélagslegri ábyrgð á öllum sviðum. Korkeikartré endurnýja sig stöðugt og eru því skræld á níu ára fresti en ekki hoggin. Við það margfaldast kolefnisupptakan. Við flytjum einkum inn kork frá Portúgal þar sem hann vex víða en hann kolfnisjafnar alla bílaumferð í landinu. Korkeikin þrífst við mjög þurrar aðstæður og spornar gegn eyðimerkurmyndun og þ.a.l. eiga um 200 dýrategundir í útrýmingarhættu allt sitt undir korkskógum. Þá er korkurinn auðvitað 100% endurvinnanlegur.“

Þ. Þorgrímsson og Co. sendir vörur út um allt land og í versluninni í Ármúla 29 í Reykjavík er opið frá kl. 08:00 til kl. 18:00 alla virka daga.

thco.is

sem markaðurinn þekkir. Við skilgreinum okkur sem sérverslun með byggingavörur og viljum

deila þekkingu á sérvörum. Sölu-menn okkar aðstoða viðskiptavini við að finna lausnir í tengslum við

m.a. eldvarnir, hljóðdeyfilausnir og klæðningar á alla fleti bygginga, innan sem utanhúss.“



## Getur þú hugsað þér gleðilega hátíð án rafmagns?



Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkupörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.



# Unga fólkkið hefur trú á bænum

Rætt við Þór Engilbertsson hjá 2-b ehf. í Vestmannaeyjum

„Þetta hafa verið jöfn og góð verkefni og það er ánægjulegt að nú spretta upp íbúðarhús í Vestmannaeyjum en ekki höfðu verið byggðar nýjar íbúðir hér í um tuttugu ár. Unga fólkkið hefur trú á bænum okkar og bæjarfélagið hefur staðið sig vel í því að úthluta lóðum og standa fyrir öðrum framkvæmdum. Þá stendur atvinnulífið sterkt sem grunnurinn sem allt þetta byggist á,“ segir Þór Engilbertsson byggingameistari sem hefur rekið verktakafyrirtækið 2-b ehf. í rúmlega þrjá áratugi ásamt konu sinni, Unu Þóru Ingimarsdóttur.



■ Þór Engilbertsson byggingameistari hjá 2-b ehf. „Það er af sem áður var þegar ekki voru byggðar íbúðir í Eyjum í yfir tuttugu ár.“

## Lengi í bransanum

Þór segist hafa verið á byggingamarkaðnum alllengi eða frá því fljótlega eftir að hann hætti á sjó árið 1978. „Ég dreif mig þá í húsasmíðina og hóf störf við byggingar árið 1981. Ég hef því verið býsna lengi í þessum bransa. Við hjónin stofnuðum svo okkar fyrirtæki árið 1989 en umsvif voru mikil á tímabili og kom fyrirtækið að ýmsum byggingum hér í Eyjum. Það styrkti mjög stöðu okkar að árið 2001 keyptum við nýja færlega steypustöð og með tilkomu hennar gátum við lækkað verðið á rúmmetranum svo um munaði eða um 36%. Með tilkomu þessarar steypustöðvar hefur bæjarfélagið í heild notið

góðs af samkeppninni og hefur hún aukið framkvæmdagleiði bæjarbúa og breytt miklu og styrkt stöðu fyrirtækis okkar. Höfum við meðal annars þjónustað nágrannasveitarfélag okkar á meginlandinu og farið með steypu með ferjunni gegnum Landeyjahöfn, t.d. í Grímsnesið og Vík í Mýrdal. Árið 2016 keyptum við svo nýja afkastameiri og fullkomnari steypustöð.

## Byggja nýja slökkvistöð

Nú vinna Þór og hans menn að byggingu nýrrar slökkvistöðvar fyrir Slökkvilið Vestmannaeyja að

Heiðarvegi. Húsið er staðsett sunnan megin við gömlu slökkvistöðina og mun hún tengjast áhaldahúsi bæjarins. Nýbyggingin er 635 m<sup>2</sup> að stærð en einnig felst í verkefninu endurbygging á eldra húsnæði upp á 280 m<sup>2</sup>. Þór segir að skóflustunga að nýju stöðinni hafi verið tekin 14. mars eða fyrir rétt tæpu ári og fyrsta steypan hafi runnið í mótin tveimur mánuðum síðar. Húsið er í dag uppstept og unnið að einangrun þess og innréttingum. 2-b ehf átti lægsta tilboð í bygginguna upp á liðlega 407 milljónir króna.

„Þetta er búið að vera sprettur



■ Ný slökkvistöð er risin af grunninum í Eyjum en um er að ræða tæplega 1000 m<sup>2</sup> byggingu sem tengist áhaldahúsi bæjarins.

Ljósmynd: Óskar P. Friðriksson.

en við þetta hús höfum við unnið fjórir starfsmenn frá 2-b ehf. auk undirverktaka. Það er ljóst að þessi nýja aðstaða gjörbreytir öllu fyrir slökkvilið en bærinn stendur af myndarskap að þessu verkefni.“

## Nóg að gera


Fram undan hjá 2-b ehf eru ýms verkefni og segir Þór að verkefnastaðan sé góð og ekki yfir neinu að kvarta. Það hefur aldrei verið skortur á verkefnum öll árin okkar hér „Við skilum þessu verki af okkur í sumar en síðan taka við önnur verkefni. Það má segja að

hvert sem litið er sé verið að byggja hér í Vestmannaeyjum, stórt og smátt allt frá endurbótum og viðbyggingum upp í heilu fjölbýlishúsin. Senn hefjast menn handa við byggingu nokkurra raðhúsa í Áshamarshverfinu og lóðir fyrir einbýlishús rjúka út. Ég kvíði því ekki verkefnaleyssi hér í Eyjum næstu misserin,“ segir Þór Engilbertsson byggingameistari að lokum.


## METRAFLEX TENGI

EINFÖLD OG SNJÖLL LAUSN TIL AÐ VERNDA VATNSÚÐAKERFI  
HREYFANLEIKI ALLT AÐ 360°

Þolir mikið álag  
Hreyfigeta allt að ± 60 cm



Sérhannaður sleppibúnaður sem tryggir fulla hreyfigetu





# Bálstofa og nýr kirkjugarður

Mikil verkefni eru framundan hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) en fyrirhugað er að byggja nýja bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð auk þess sem undirbúningur að gerð nýs kirkjugarðs fyrir höfuðborgarsvæðið í hlíðum Úlfarsfells hefur staðið yfir um langt árabil.

## Kostnaður á annan milljarð

„Kostnaður við byggingu bálstofu með ofnasal, líkhúsi, athafnarými og með aðstöðu fyrir starfsfólk og aðstandendur, ásamt kaupum á ofnum og hreinsibúnaði, er álitinn vel á annan milljarð króna. Reykjavíkurborg hefur fyrir nokkru úthlutað landi undir bálstofu og tengdar byggingar og við munum leggja okkur fram til að framkvæmdir geti hafist sem allra fyrst. Ný bálstofa er nauðsyn enda fer bálförum mjög fjölgandi á höfuðborgarsvæðinu,“ segir bórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP í samtali.


Bálfarir hafa færst mjög í vöxt hér á landi á síðustu 10 árum. Er nú svo komið að á höfuðborgarsvæðinu voru duftkersgrafir 55% allra grafa árið 2020 og kistugrafir 45%. Hlutfallið á öllu landinu, að höfuðborgarsvæðinu meðtöldu, var á síðasta ári 41,4% duftgrafir. Bórsteinn segir að þrátt fyrir gott viðhald bálstofunnar í Fossvogi þurfi að huga að byggingu nýrrar bálstofu.

„Bálstofan í Fossvogi er eina bálstofan hér á landi en hún var tekin í notkun 1948 og þjónar öllu landinu. Bálstofan hefur alla tíð verið knúinn umhverfissvænni raforku og hafa ofnarnir fengið viðeigandi og gott viðhald. Danskir sérfræðingar hafa komið reglulega til landsins til að taka út ástand þeirra til að tryggja rekstraröryggi. Samkvæmt samningi við ríkið frá 2005 hefur bálstofan fengið sérstakt framlag til að standa straum af kostnaði við rekstur og viðhald.“

## Reykjavíkurborg sein í vöfum

Bórsteinn segir að við Úlfarsfell sé fyrirhugaður 22 hektara kistukirkjugarður. Hann segir framkvæmdir hafnar við landfyllingar en þær gangi því miður hægt en sveitarfélögunum er skylt að skila grafartæku landi til garðanna.

„Kirkjugarðurinn í Úlfarsfelli hefði átt að vera tilbúinn núna en ljóst er að alllangur tími mun líða þar til jarðsett verður þar. Það tekur nokkurn tíma að útbúa kirkjugarð en jarðvegurinn þarf að síga, það þarf að dreyna, útbúa rafmagnsleiðslur fyrir lýsingu og ýmislegt annað. Þetta er stórfamkvæmd og ljóst að eftir að Gufunesgarður fyllist eftir fáein ár fari allar kistuútfarir íbúa meginhluta höfuðborgarsvæðisins fram í Kópavogskirkjugarði. Það þýðir þá að Reykvikingar verða grafnir í Kópavogi þangað til Úlfarsfellskirkjugarður verður tekinn í notkun.“ Í Sóllandi í Öskjuhlíð eru til pláss fyrir duftker út öldina en þau eru einnig jarðsett í kistuleiði í Fossvogi og fleiri gördum.



■ Fyrirhugaðar byggingar á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Húsin með rauðu þökunum eru fyrirhuguð kapella og kirkja og undir þeim er gert ráð fyrir líkhúsi og bálstofu til hliðar við útfararkirkjuna.

Mynd: Arkibúllan.

## Allt fyrir hljóðvistina 3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali



BYGGINGAVÖRUVERSLUN

P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is



# Krosslímd hús hafa marga kosti

Meðal nýjunga sem rutt hafa sér til rúms á íslenskum byggingamarkaði á allra síðustu árum eru hús sem reist eru úr krosslímdu timbri. Fyrirtækið Element ehf. hefur sérhæft sig í sölu og reisingu slíkra húsa en þau eru framleidd hjá fyrirtækinu KLH Massivholz GmbH í Austurríki sem Element er umboðsaðili fyrir hér á landi. Sverrir Steinn Ingimundarson, framkvæmdastjóri Element og iðnaðartækniþráður, segir byggingarhraðann einn af stóru kostunum við krosslímdu hús auk þess mikill sveigjanleiki sé hvað varðar hönnun og útfærslu húsanna.



■ Byggingarhraði krosslímdra húsa er mikill. Áætla má að hús rísi á um fjórðungi þess tíma sem færi í að steypa upp.



■ Einingarnar koma beint úr verksmiðju í Austurríki og í þeirri röð sem húsini eru reist hér á landi.

## brautreynd framleiðsla

KLH Massivholz hefur framleitt krosslímd hús í yfir 20 ár og er einn stærsti framleiðandi slíkra húsa í Evrópu í dag. Í stuttu máli má segja að í stað þess að veggir séu t.d. steypdir upp og byggt hefðbundið þak eru veggja-, þak- og gólfeiningar framleiddar í Austurríki eftir teikningum, fluttar beint á byggingarstað á Íslandi með flutningavögnum og síðan er húsið reist á fáeinum dögum. Fræst er úr veggjaeiningunum fyrir gluggum og hurðum í verksmiðjunni í Austurríki eins og teikningar segja til um. Strax og hús úr krosslímdu einingunum er rísið er hægt að hefjast handa við klæðningar og frágang bæði inni og úti. Húsini eru einangruð að utan og breytilegt er eftir óskum viðskiptavina hvaða utanhússklæðning er valin. Sama gildir um glugga og hurðir, sem og klæðningar innanhúss.

Frá því Element ehf. hóf að flytja inn og reisa krosslímd hús hér á landi árið 2016 hefur fyrirtækið reist hátt í 80 hús. Húsini eru víðs vegar um land; einbýlishús, fjölbýlishús, skólar, alls kyns atvinnuhúsnæði og þannig má lengi telja. Fyrsta húsið sem Element reisti árið 2016 var 120 herbergja hótél á Hnappavöllum í Óræfum sem er nú Fosshótél Jökulsárlón.



■ Element hefur reist um 80 krosslímd hús hér á landi á síðustu fimm árum, stór og smá. Hús fyrir Siglingaklúbbinn Nökkva á Akureyri er nú í byggingu.

## Svansvottun og mikill byggingarhraði

Sverrir Steinn segir krosslímdu húsini hafa marga kosti. Einingarnar frá Element eru Svansvottaðar og uppfylla því strangar kröfur sem gerðar eru til vistvænna byggingarefna.

„Byggingarhraðinn skiptir líka miklu máli en það má áætla að hús rísi á um fjórðungi þess tíma sem færi í að steypa upp. Húsbyggjendur geta því lokað húsum

mjög fljótt og hafið vinnuna innanhúss, samhliða utanhússfrágangi,” segir Sverrir Steinn.

Til útskýringar á hugtakinu krosslíming þá eru einingarnar framleiddar úr timburlögum sem límd eru saman undir miklum þrýstingi, þvert á hvert annað. Þannig næst hið mikla burðarþol. Einingarnar eru því gegnheilar og þykktin ákvarðast af því um hvers konar húsbyggingu er að ræða, hvaða kröfur eru gerðar um



■ Sverrir Steinn Ingimundarson, framkvæmdastjóri Element.

brunaþol og fleira. Timbrið er sérvalið og greni er algengasta tegundin í þeim húsum sem hafa verið reist hér á landi hingað til.

## Mikill áhugi hjá húsbyggjendum

„Við finnum að margir eru nú í byggingarhugleiðingum og æ fleiri sjá mikinn kost við að reisa hús úr krosslímdu timbri. Hvert verkefni er í rauninn sérframleiðsla fyrir hvern og einn viðskiptavin og einingarnar koma beint úr framleiðslunni hingað til lands og eru reistar strax,” segir Sverrir Steinn en Element getur annast reisingu húsanna.

Fyrirtækið býður viðskiptavinum einnig heildstæða þjónustu

við burðarþolsteikningar og ráðgjöf um hönnun en Sverrir Steinn segir sífellt algengara að viðskiptavinir ákveði strax í upphafi að byggja úr krosslímdu timbri og þá hefst samstarf milli Element, hönnuðar og húsbyggjanda sem endar með því að til verður módel af húsinu áður en það er síðan sett í framleiðslu.

„Í þessu ferli er alltaf náð samstarf milli okkar og viðskiptavina þar sem við útfærum lausnirnar eins og hver og einn viðskiptavinur óskar eftir. Þetta eru gjarnan mjög persónuleg og skemmtileg verkefni.”

element.is

# KOPARÁL SINK BÁRUPLAST



**METAL**

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | Fax 545 4601 | metal@metal.is





■ Baðlónið verður staðsett í hrauninu ofan Skansins og útsýnið verður stórfenglegt yfir innsiglinguna, Heimaklett og til Eyjafjallajökuls.



■ Byggingarnar verða vandaðar og eiga að falla vel inn í fágætt landslagið í Eyjum.

# Baðlón í Vestmannaeyjum

Hugmyndir hafa nú komið fram um að reisa nýtt baðlón sem staðsett verður ofan við Skansinn í Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að þar verði að auki heitir pottar, gufuböð og innbyggður hraunhellir. Jafnframt verður þar aðstaða fyrir veitingasölu og aðra

þjónustu fyrir gesti lónsins. Það er fyrirtækið Lava Spring Vestmannaeyjar ehf., sem stendur að verkefninu í samstarfi við Vestmannaeyjabæ. Hönnuðir baðlónsins eru T.ark arkitekta ehf.

Baðlóninu hefur verið falinn staður gengt Heimakletti og það-

an er útsýnið stórfenglegt; yfir Vestmannaeyjabæ, á umlykjandi eyjar og út á hafið með Eyjafjallajökul í fjarska. Í lýsingu hugmyndasmiða segir m.a. að horft verði til þess að varðveita sem best fágætt landslagið og að byggingin eigi að falla hógvær inn

í hraunið til að lágmarka sjónræn áhrif.

Sjálft baðlónið verður um 1.400m<sup>2</sup> að stærð og byggingin sjálf um 1.000m<sup>2</sup>. Fram hafa komið hugmyndir um að reisa í framtíðinni fimm stjörnu hótél í tveimur byggingum, sem stað-

settar verða í hlíðum fjallsins. Góð aðkoma verður að lóninu og hannaðar verða gönguleiðir frá bænum með sem minnstu raski um ósnortið hraunið.

## Frá hugmynd til afhendingar



EFSTALEITIÐ

SKUGGAHVERFI

MÁNATÚN

Verkefnin okkar segja sína sögu





# Skurðirnir losa um 60% gróðurhúsalofttegundanna

Viðurkenndar rannsóknir sýna að 60% losunar CO<sub>2</sub> á Íslandi verður til úr framræstu votlendi sem við sjáum vítt og breytt um landið. Þessi losun nemur um 20 tonn-um af af CO<sub>2</sub> ígildum á hektara sem er álíka mikil mengun og kemur frá 10 fólksbílum. Það er því ljóst að endurheimt votlendis er öflugasta leiðin í baráttunni við loftslagsbreytingarnar. Við báðum Einar Bárðarson, framkvæmdastjóra Votlendissjóðs að útskýra málið betur.

„Almennur skilningur fer vaxandi í samfélaginu á mikilvægi þess að endurheimta votlendi og stöðva þannig losun gróðurhúsalofttegunda með skilvirkum hætti. Samt heyrast enn raddir sem halda því fram að þetta séu ónákvæm og órókstudd vísindi og eigi ekki við hér á landi vegna loftlags sem hér ríkir. Slíkar fullyrðingar eru fjarrí sannni því rannsóknir okkar færustu vísindamanna sýna ótvírætt að losun frá íslenskum mýrum er í engu frábrugðin losun frá mýrum á sam-bærilegum stöðum á hnettinum. Þannig er staðan, hvort sem okkur líkar betur eða verr,“ segir Einar í samtali við Sóknarfæri.

## Samstarf við landeigendur

### Skref 1

Landeigandi óskar eftir samstarfi um endurheimt. Votlendissjóður metur aðstæður og Fagråd sjóðsins úrskurðar hvort gagnlegt sé að fara í endurheimt. Það gerir í kjölfarið verklýsingu, staðfestir flatarmál landsins sem á að endurheimta og reiknar út áætlaða losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO<sub>2</sub> ígildum.

### Skref 2

Gerður er skriflegur samningur við landeiganda um endurheimtina. Nokkrar leiðir eru í stöðunni: Að Votlendissjóðurinn sjái um endurheimtina og ráði verkataka til að annast verkið eða að sjóðurinn ráði landeigandann til þess og greiði honum fyrir. Hin leiðin er að landeigandinn sjálfur sjái um að endurheimta votlendið og standi straum af kostnaðinum. Hann getur svo nýtt ávinn-inginn í kolefnisjöfnun eigin framleiðslu og sýnt samfélagslega ábyrgð í verki.

### Skref 3

Votlendissjóðurinn upplýsir viðkomandi sveitarfélag og ef ástæða er til er nággranna um hugsanleg áhrif á landareign þeirra og fær skriflegt leyfi þeirra. Ef þörf er á er sótt um framkvæmdaleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi.

### Skref 4

Framkvæmdir hefjast og verkið er unnið.

## Gott samstarf við landeigendur

Votlendissjóðurinn er sjálfseigna-sjóður fjármagnaður af samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum og einstaklingum. Hlutverk sjóðsins er að vinna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis, í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.

„Votlendissjóður á afar gott samstarf við fjölda landeigenda og þeir hafa verið duglegir að óska eftir samstarfi. Sérfræðingar Landgræðslunnar fara yfir og meta jarðir áður en Votlendissjóður hefst handa til að tryggja að endurheimtin muni skila árangri. Ávinningur landeigenda, sem margir eru með hundruð kílómetra af skurðum sem þjóna ekki tilgangi sínum lengur, felst í því að útblástur koltvísýringssstöðvast, lífræðileg fjölbreytni landsins eykst, fuglalíf verður fjölbreyttara og vatnsbúskapur í veiðiám batnar til muna. Við skulum hafa í huga að við erum eingöngu að sækjast eftir því að loka skurðum á óræktarsvæðum en alls ekki á landi þar sem ræktun fer fram. Það er af nógu að taka eins og allir vita.“

## Ferli til hundruða ára

Á síðustu öld voru bændur almennt hvattir til að ræsa fram mýrar á landi sínu til að gera það



■ Votlendissjóður vill eiga gott samstarf við sem flesta landeigendur og þeir hafa verið duglegir að óska eftir samstarfi. Gerður er skriflegur samningur um samstarfið.

heppilegra til ræktunar. Á þeim tíma gerðu engir sér grein fyrir því að þá hæfist losun gróðurhúsalofttegunda. Þess má geta að losunin sem slík kemur ekki frá skurðinum sjálfum heldur þórnar svæðið umhverfis hann upp allt í nokkur hundruð metra í hvora átt. Þá skapast skilyrði fyrir örverur að hefja niðurbrot á lífrænu efni og við það losnar koltvísýringur. Ef vatnið í mýrinni hefði fengið að

vera þar áfram hefði það komið í veg fyrir að rotunarferlið hæfist.

„Og það sem verra er: Þetta óæskilega ferli getur staðið yfir í hundruð ára. Það er því ljóst að skurðir sem voru grafnir um miðja síðustu öld munu enn vera að dæla út koltvísýringi eftir árhundruð til viðbótar. Í dag er staðan þannig að skurðakerfi landsins vegna framræsts votlendis er yfir 30.000 kílómetrar og

er meira en helmingur landsins í kringum þá ekki nýtt með neinum hætti. Það er því eftir miklu að slægjast að endurheimta sem mestan hluta þess votlendis sem var ræst fram og gagnast engum í dag. Á síðasta ári endurheimti sjóðurinn votlendi á 130 hekturum lands en árið 2019 var um að ræða 73 hektara.“

votlendi.is

## Náttúruböð við Akureyri opnuð vorið 2022

Nú í aprílmánuði er áformað að hefja af fullum krafti framkvæmdir við nýjan náttúrubaðstað í landi Ytri-Varðgjár, gegnt Akureyri. Að verkefninu stendur fyrirtækið Skógarböð ehf. en eigendur þess eru hjónin Sigríður María Hammer og Finnur Aðalbjörnsson á Akureyri. Áformað er að opna böðin vorið 2022.

Sigríður segir í samtali við Sóknarfæri að um sé að ræða 720 fermetra þjónustuhús og 450 fermetra laugar, kalt bað og þurrsauna á útisvæði. Hugmyndina segir hún að þau hjón sækji fyrst og fremst í eigin reynslu af heilsuþöðum bæði hérlendis og erlendis en heita vatnið í böðin kemur úr Vaðlaheiðargöngum.

„Við höfðum oft talað um að það væri synd að sjá heita vatnið úr göngunum renna ónotað í sjóinn en þegar við svo eignuðumst jörðina Ytri-Varðgjá í nágrenni ganganna kviknaði hugmyndin að böðunum. Staðurinn þar sem böðin rísa er mjög fallegur og mikið útsýni,“ segir Sigríður.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að hönnun, skipulagsvinnu og öðrum undirbúningsatriðum. Jarðvegsframkvæmdir fara á fulla ferð strax og leyfi liggja fyrir nú undir vorið en raunar er nú þegar byrjað að vinna í bílastæði. Sigríður segist vonast til að þjónustuhúsið sjálft verði risið í september. Næsti vetur verður síðan nýttur til innréttinga og lokafrágangs. Auk afgreiðslu og búningsaðstöðu verður veit-



■ Ljósmynd tekin við Leiruveg sem liggur til austurs frá Akureyri. Hér sést staðsetningin á náttúrubaðunum í neðst í skóginum á Ytri-Varðgjá. Þau verða því steinsnar frá Akureyri og blasa við þeim sem fara um þjóðveg 1.



■ Í heild munu þjónustuhús og útilaugar verða um 1.200 fermetrar að stærð. Heitt vatn í böðin kemur úr Vaðlaheiðargöngum.

ingarymi í þjónustuhúsinu en hönnun tekur mið af því að hægt sé að stækka böðin í framtíðinni. Arkitektastofan Basalt hannar böðin og verkfræðistofan Efla sér um verkfræði- og lýsingarhönnun.

„Við sjáum fyrir okkur að böðin muni bæði hófða til ferðafólks og íbúa á svæðinu. Baðstaðir eins og þessir njóta mikilla vinsælda enda höfum við fengið mjög jákvæð og góð viðbrögð frá því hugmyndin var kynnt. Við erum því mjög bjartsýn á verkefnið og teljum að það sé mikill fengur að því að fá svona náttúrubað á Eyjafjarðarsvæðið og í næsta nágrenni Akureyrar,“ segir Sigríður.



# Við færum þér lífsgæði með lögnum



Hitaveita



Vatnsveita



Fráveita



Raf- og gagnaveita

Lífsgæði Íslendinga grundvallast af náttúrulegum auðlindum en fáar þjóðir eiga jafn mikla möguleika á farsælli framtíð á sviði orku og umhverfsimála. Set á að baki áralangt og gott samstarf við veitufyrirtæki landsins við nýtingu og flutning gæðanna.



Framúrskarandi  
fyrirtæki



Set ehf • Röraframleiðsla





# Bárujárn í regnbogans litum

Bárujárn hefur lengi verið notað til utanhússklæðningar á Íslandi, ekki aðeins á þök heldur og vegg. Íslendingar hafa löngum málað sín bárujárnshús í fjölbreyttum litum þannig að úr hefur orðið skemmtileg litasinfónía sem erlendir gestir hrifast mjög af þegar þeir horfa yfir byggðina.

## Bárujárn í 150 ár

Fyrsta húsið sem bárujárn var lagt á var hús í Krísuvíkurnámum um 1870, en það hús var síðar rífið og flutt þaðan 1872. Fyrsta húsið í Reykjavík sem járníð var sett á, var hús í eigu Geirs Zoëga kaupmanns og útgerðarmanns við Vesturgötu í Reykjavík (Sjóbúð), en hann klæddi viðbyggingu hjá sér með galvaniseruðu bárujárninu. Árið 1876 lagði svo W. Ó. Breiðfjörð bárujárn á þak og vegg húss síns.

Ýmsar verslunarleiðir opnuðust til Íslands þegar sauðasalan hófst héðan um 1870 en þá var lifandi kvikfénaðurinn sendur út og skipin hlaðin verslunarvöru til baka. Það var Slímmons-verslunin sem flutti bárujárníð inn í upphafi en þetta þjátur var bæði þykkt og þungt og erfitt að sníða það eins og þurfti.

Notkun bárujárns fór þó ekki að verða almennt fyrr en eftir 1880 og mun það ekki hafa verið lagt á húsveggi fyrr en eftir 1890. Bárujárníð einkenndi mjög íslensk timburhús fram til 1935 eða þar til steinsteypa tók við sem helsta byggingarefnið. Menn þóttust auðvitað hafa himinn höndum tekið þegar þeir sáu þetta nýja byggingarefni en Íslendingar hófðu lengi þurft að byggja sín hús úr torfi, grjóti og dálitlu timbri sem veðraðist illa. Bárujárníð breiddist því út um allt land á fáum árum.

## Negldu í lágbáruna!

Kostir bárujárnsins voru augljósir en ýmsir gallar komu þó í ljós eftir að smiðirnir höfðu farið um það höndum. Þess voru auðvitað dæmi að menn tyrfdú járníð til hlýnda innan dyra en það ryðgaði fljótt í gegn við þá meðferð. Þá vafðist einnig fyrir mönnum hvernig skyldi negla járníð á þökin og segir af húsi einu á Sauðárkróki sem byggt var 1894. Þar var neglt í lágbárunar á járninu svo að þakið auðvitað hriplak. Var þá plötunum snúið við og þær festar í hábáruna!

Við dveljum ekki lengur við þetta ágæta byggingarefni sem Mörlandinn var fljótur að tileinka sér en látum nokkrar myndir fylgja af íslenskum bárujárnshúsum.





# Aukin áhersla á umhverfisvænar lausnir

„Við hjá Ískraft leggjum mikla áherslu á að skipta við birgja sem geta boðið upp á umhverfisvottaðar vörur. Við erum komin með um 800 vottuð vörunúmer og þeim á eftir að fjölga á næstu misserum. Markmið okkar er að bjóða upp á umhverfisvænar vörur í öllum helstu vörflokkum,“ segir Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft í samtali við Sóknarfæri.

Ískraft er hluti af samstæðu Húsamiðjunnar og hefur frá árinu 1999 verið í hópi leiðandi fyrirtækja í sölu raflagna- og lýsingabúnaðar til rafverktaka, rafvirkja og iðnfyrirtækja, fjarskipta- og netlausnum, iðnstýringum og sjálfvirknibúnaði ásamt rafveitlausnum.

Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Kópavogi auk útibúa á Selfossi, Akureyri, Reykjanesbæ og á Egilsstöðum. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns.

## Umhverfisvænar vörur

Brynjar segir að Ískraft geti í dag boðið allt raflagnaefni sem þarf til í Svansvottaða byggingu. Slíkar vottanir lúta að ýmsum atriðum, t.d. að allt efni sé halógenfrítt og að það sé ekkert PVC í plasti vörunnar. Hann nefnir líka sem dæmi að Philips, sem er stór birgir hjá Ískraft, sé að útrýma öllum plastefnum í umbúðum þeirra vara.

„Það er afar hröð þróun í

þessum efnum og allur almenn-ingur, fyrirtæki og opinberir aðilar gera sér æ betur grein fyrir því að bregðast þarf við loftslagsvand- anum með skipulögðum hætti. Sem dæmi get ég nefnt að Landsbankinn og Nýi Landspítal- inn verða BREEAM vottaðar bygg- ingar og öll húsin í nýjum miðbæ á Selfossi eru Svansvottuð. Bygg- ingariðnaðurinn stendur frammi fyrir miklum áskorunum í um- hverfismálum og þar eru raflagn- irnar ekki undanskyldar. Undir hattinum „grænar vörur“ er ýmist um að ræða vörur sem hafa við- urkenndar vottanir s.s. Svaninn – umhverfismerki Norðurlanda, Evrópublómíð og BREEAM. Vör- urnar sem uppfylla þeirra kröfur innihalda ekki sömu skaðlegu efni og hliðstæðar vörur og því viður- kenndar og leyfðar í vistvottuð byggingarverkefni. Einnig er um að ræða vörur sem eru vistvænar út frá öðrum skýrum forsendum.“

## Snjallheimilið tekur við

Brynjar nefnir einnig í stuttu spjalli lausnir sem Ískraft býður og lúta að snjallkerfum í rekstri heimila og fyrirtækja. „Þetta er að koma mjög sterkt inn en Ískraft býður upp á heildstæð snjallkerfi þannig að auðvelt er að tímastilla og fjarstýra ljósum, raftækjum og raunar öllum þeim búnaði sem knúinn er með raforku. Þessum búnaði er stýrt með snjalltækum



■ Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft. „Byggingariðnaðurinn stendur frammi fyrir miklum áskorunum í umhverfismálum og þar eru raflagnirnar ekki undanskyldar.“

eða með raddstýringu og hægt er m.a. að stjórna ljósum heimilisins, fylgjast með orkunotkun, setja þvottavélina í gang, fjarstýra

sjónvarpinu eða hlaða rafbílinn. Þá getur þessi búnaður líka tengst öryggis- og brunakerfi hússins o.s.frv. Möguleikarnir eru

óendanlegir satt að segja,“ segir Brynjar enn fremur.

iskraft.is

## 20 ára reynsla og þekking!

### Hagnýtt verkfæri fyrir fasteignaeigendur

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík - Sími 585 4800  
thjonusta@eignausmjón.is  
eignausmjón.is



# Í hönnun felst mikil verðmætasköpun



■ Í útsendingarsettinu á síðasta Iðnþingi Samtaka iðnaðarins voru húsgögn frá Á. Guðmundssyni og Sóló-húsgögnum. Auk þess mátti m.a. sjá Fuzzy kollinn sem Sigurður Már Helgason hannaði og Sindrastólinn sem Ásgeir Einarsson hannaði. Hringlaga borðlampinn er frá Fólki Reykjavík, hannaður af Theodóru Alfreðsdóttur og ferhyrni lampinn er eftir Rögnu Þórunni Ragnarsdóttur. Einnig var komið fyrir nokkrum væðarvoðum úr íslenskrri ull frá Ístex. Gólfmotturnar eru hannaðar af Sigrúnu Láru Shanko, vasarnir eftir Ólínu Rognudóttur eru frá Fólki Reykjavík, vaðfluglar úr tré eftir Sigurjón Pálsson og púðinn Knot er eftir Ragnheiði Ösp. Leikmyndahönnuðurinn Aron Bergmann Magnússon sá um sviðsmyndina.

„Hlutverk Samtaka iðnaðarins er að standa vörð um íslenska framleiðslu og iðnað og íslensk fyrirtæki og hönnuðir eru að gera ótrúlega flotta hluti,“ segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins, SI. „Varðandi mannvirkjagerð þá er þetta þáttur í þeirri virðisæðju, þ.e.a.s. hvað fer inn í byggingarnar. Hlutverk SI er jafnframt að huga að samkeppnishæfni íslenskrar framleiðslu og getu Íslendinga til að skapa hér ný störf og verðmæti sem við getum þá mögulega flutt út og búið þar með til auknar útflutningstekjur.“

Jóhanna Klara bendir á að fyrirtækjum, sem framleiða húsgögn og innréttingar, fari fækkandi hér á landi. „Það er synd. Íslendingar eru stoltir af náttúrunni, fólkinu og sögunni en einhvern veginn hefur okkur ekki tekist að búa til þetta sambærilega hugarfar gagnvart íslenskrri hönnun og framleiðslu þegar kemur að húsgögnum og vörum.“

Eftir að Covid-heimsfaraldur-



■ Mikilvægi íslenskrar hönnunar er óumdeilanlegt og segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins, að ríkið ætti að hvetja til vöruþróunar.


bundið af þeim að ákveðnu leyti þannig að þetta felur raunverulega í sér svolítið átak hjá stjórnvöldum. Og ég er alveg handviss um að þau eru tilbúin og vilja skoða þetta. Nú þurfum við bara að vinda okkur í að skoða þessa innkaupastefnu gagnvart íslenskrri hönnun og framleiðslu. Það sem er líka svo mikilvægt í þessum stóru verkefnum er að opinberir aðilar eru auðvitað í aðstöðu til að sýna gott fordæmi. Hið opinbera getur varið fjármunum í samkeppni eða ýtt undir þróun nýrra vara sem gætu svo öðlast sjálfstætt líf. Við megum ekki hugsa þetta of smátt. Við erum með ákveðna ímynd sem þjóð og getum vel búið til öflugar útflutningsvörur með hönnun okkar.“

## Mikil verðmætasköpun í hönnun

Jóhanna Klara segir að ríkið ætti að hvetja til vöruþróunar og nefnir að margir aðilar komi að hönnun svo sem hönnuðir og framleiðendur. „Það sem við hjá SI erum að kalla eftir er þetta samtal þannig að hægt verði að setja einhverja opinbera stefnu. Við gætum til að mynda ákveðið að verja ákveðnum fjármunum í verkefni tengd hönnun, innkaupum eða vöruþróun sem er mjög þekkt erlendis og svo viljum við að það sé lögð áhersla á að kaupa inn íslenska hönnun og húsgögn. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að fara að byrja að búa til þessa vitneskju um að það er mikil verðmætasköpun í hönnun. Þetta er iðnaður sem auðvitað byggir á nýsköpun og hugviti og þarna eru gríðarleg sóknarfæri fyrir okkur. Við þurfum að fá opinbera aðila til að hefjast handa hvað þetta varðar.“

si.is

## BÁRUPLAST



 METAL

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | metal@metal.is | www.metal.is

inn skall á tók SI þátt í stóru markaðsátaki sem kallast „Íslenskt – Láttu það ganga.“ Það felur í sér ákall um vitundarvakningu sem felst í að þegar fólk kaupir eitthvað íslenskt þá er það í rauninni að styrkja lengri virðisæðju.“

## Ríkið hvetji til vöruþróunar

Jóhanna Klara segir að ef opinberir aðilar myndu styðja við íslenskan iðnað með markvissari hætti myndi það hafa jákvæð áhrif á eftirspurnina til framtíðar. Leita þarf leiða til að velja íslenska hönnun inn í nýbyggingar sem eru að rísa í miðborginni.

„Varðandi verð við innkaupin þá bendum við á að það þurfi alltaf að leggja áherslu á virðisaukann þegar keypt er íslenskt og hvað það felur í sér og hvort verið sé að búa til fleiri störf og aukin tækifæri. Það eru til lög um opinber innkaup og ríkið er auðvitað



# GRÆNA LEIÐIN

## Vistvæn hönnun hjá VSÓ Ráðgjöf

Við vinnum á öllum sviðum skipulags og hönnunar í þéttri samvinnu milli þjónustusviða okkar.

Samgöngur


Umhverfi og skipulag

Byggðatækni

Framkvæmdaráðgjöf

Burðarþol

Tæknikerfi







■ Þórir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Tengis. „Við leggjum áherslu á þjónustuna og fljóta afgreiðslu þannig að viðskiptavinurinn fái vörurnar fljótt til sín. Yfirleitt sendum við samdægurs til viðskípavina okkar á landsbyggðinni og varan komin í hendur þeirra strax næsta morgunn.“



■ Nýja línan frá Mora sem kallast Mora Inxx II hefur mjög breitt vöruúrval af lituðum blöndunartækjum á mjög hagstæðu verði.

## Traust og þekkt merki hjá Tenggi

„Það eru alltaf tiskustraumar í kringum blöndunartækin og núna eru það litirnir sem fólk spyr mest um. Svart hefur verið mjög vinsælt og nýja línan frá Mora sem kallast Mora Inxx II hefur mjög breitt vöruúrval af lituðum blöndunartækjum á mjög hagstæðu verði; svart, hvítt, grátt og brasslitað eru dæmi um liti sem fáanlegir eru í nýju Inxx II línunni frá Mora,“ segir Þórir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Tengis í viðtali.

### Grunnreksturinn í Kópavogi

Tengi er rötgróið fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á blöndunar- og hreinlætistækjum ásamt öllu því helsta sem hægt er að finna í pípulögnum. Fyrirtækið var stofnað 1981 og fagnar því 40 ára afmæli á árinu. Tenggi hefur ávallt verið með grunnreksturinn í Kópavogi og síðan 2005 að Smiðjuvegi 76 þar sem er glæsilegur sýningarsalur, lagnadeild, vöruhús og skrifstofur.

„Hvað hreinlætistækin varðar hafa aðallega verið nýjungar í salernisskálum, t.d. án skolbrúnar eða svokallað rimfree. Hönnunin hefur líka tekið breytingum gegnum árin og í dag vilja flestir skálar sem eru heilar niður, engar syllur þar sem ryk getur sest og hvergi sést í festingar. Þá eru margar skálar nú með vatnsvörn þannig að óhreinindi festist ekki á yfirborðinu og auðveldara að þrifa þær. Nýjustu skálarnar eru með Turbo flush búnaði, en þá fer skolunin af stað á hliðinni og býr til hringiðu þannig að öruggt er að skolunin skilji ekkert eftir.“

### Mjög breitt vöruúrval


„Samstarfið við okkar birgja byggir á trausti og hefur staðið í mörgum tilvikum yfir í áratugi. Tenggi getur boðið allt sem þarf fyrir baðherbergið og eldhúsið ásamt tilheyrandi lagnaefni en á meðal þekktara birgja



■ Tenggi býður allt sem þarf fyrir baðherbergið ásamt tilheyrandi lagnaefni.



■ Grundfos er einn stærsti og þekktasti framleiðandi á dælubúnaði í heiminum.



■ Svörtu eldhústækin frá Mora hafa slegið í gegn.

má nefna blöndunartæki frá Mora, Vola og Hansa, hreinlætistæki frá Ifö og Geberit, niðurfallsrennur frá Unidrain, lagnaefni frá Uponor, dælur frá Grundfos, stjórnubúnað frá Danfoss, gólfniðurföll o.fl. frá Kessel og stálvaska frá Intra svo lítið eitt sé nefnt,“ segir Þórir.

Árið 2019 hóf Tenggi sölu á Grundfos dælum sem er einn stærsti og þekktasti

framleiðandi á dælubúnaði í heiminum en Tenggi er eini viðurkenndi umboðsaðili þeirra á Íslandi. Þórir segir að þetta samstarf hafi opnað mikla möguleika fyrir báða aðila, enda Grundfos mjög þekkt hér á landi sem og annars staðar fyrir framúrskarandi vörur. Samstarfið hefur gengið afbragðs vel og Grundfos nú þegar orðinn mjög mikilvægur samstarfsaðili.

### Áhersla á landbyggðina

Tengi hefur verið með verslun síðan 2007 á Akureyri að Baldursnesi 6a með svipaðri uppsetningu, sýningarsal og lager og er í höfuðstöðvunum í Kópavogi. Þá er Tenggi með marga samstarfsaðila í flestum stærri bæjarfélögum og nokkrir þeirra með verslun og sýningarsal, t.d. Bresabúð á Akranesi og Miðstöðin í Vestmannaeyjum.

„Við höfum alltaf leitast við að þjóna landsbyggðinni sem mest og næsta skref í þeim efnum er opnun verslunar á Selfossi í vor að Austurvegi 69 en engin sérvörverslun með hreinlætis- og blöndunartæki er á þessum slóðum. Í nýrri og glæsilegri aðstöðu geta þá fagmenn og aðrir viðskiptavinir fengið þjónustu frá sérfróðum starfsmönnum þar sem vörurnar fá að njóta sín í fallegum og björtum sýningarsal. Lagnadeildin á Selfossi verður mjög aðgengileg fagmönnum með sérinngangi og góðri aðstöðu. Þegar við opnum verslunina á Selfossi tengjumst við landsbyggðinni betur sem á að skila sér í enn betri þjónustu, en það er það sem við stöndum fyrir; gæði, þjónusta, ábyrgð.“

tengi.is

# Búum í hagin fyrir atvinnulíf fram tíðarinnar

arionbanki.is



# Margbreytileiki í íbúasamsetningu hefur jákvæð áhrif

segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða.

**Hátt í 3000 íbúðir eru í útleigu á vegum Félagsbústaða og er nú lögð áhersla á að leigjendur flytji inn í nýjar íbúðir. „Félagslegt leiguhúsnæði er liður í því að útrýma fátækt en leigan hjá okkur er langt undir því sem gerist á almennum markaði,“ segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða.**

Félagsbústaðir eru hlutfélag í eigu Reykjavíkurborgar og er hlutverk þeirra að eiga, reka og leigja út félagslegar leigubúðir í Reykjavík. Hátt í 3000 íbúðir eru í útleigu og er um að ræða íbúðir ætlaðar fjölskyldum og einstaklingum undir tilteknum eigna- og tekjumörkum sem hafa ekki tók á að leigja eða kaupa húsnæði á almennum markaði.

Aukning félagslegs leiguhúsnæðis tekur mið af áherslum í uppbyggingaráætlun borgarinnar um félagslegt leiguhúsnæði og er lögð áhersla á sem jöfnustu dreifingu í hverfum borgarinnar. Áætlað er að 5% íbúðarhúsnæðis í borginni sé félagslegt leiguhúsnæði. „Lögð er áhersla á samfélag án aðgreiningar; við erum að tryggja ákveðna blöndun byggðarinnar, félagslegan margbreytileika og fjölbreytni. Það sýnir sig að margbreytileiki í íbúasamsetningu hefur margs konar jákvæð áhrif á líf einstaklinganna og samfélagsins,“ segir Sigrún.

## Langmest nýjar íbúðir

Gert er ráð fyrir 600 íbúðum í viðbót við þær um 3000 íbúðir sem þegar eru leigðar út í uppbyggingaráætlun 2018 til 2022. Um 2/3 hlutar kaupanna eru íbúðir í nýjum húsum.

Árið 2020 bættust við 127 leiguleingar og nam fjárfestingin 4,8 milljörðum króna. Á þessu ári er áætlað að fjölga um 125 íbúðir og að heildarfjárfestingin ársins verði um 5,1 milljarðar.

„Mest af því sem við erum að kaupa núna eru nýjar íbúðir en þannig var það ekki áður. Það hefur auðvitað marga kosti því að viðhald er þá lítið og fólk er að fara í nýjar og fallegar íbúðir. Ástæðan fyrir því að við getum keypt svona mikið af nýjum íbúðum er sú að í lóðaúthlutunarskilmálum borgarinnar er gert ráð fyrir tilteknu hlutfalli af óhagnaðardrifnu leiguhúsnæði og Félagsbústöðum standa til boða að kaupa allt að 5% af þeim íbúðum sem áætlað er að byggja á viðkomandi lóð.“



■ Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða. „Húsnæði fyrir alla eru mannréttindi, stuðlar að heilbrigði, öryggi og mannlegri reisu.“



■ Gert er ráð fyrir 600 íbúðum í viðbót við þær um 3000 íbúðir sem þegar eru leigðar út í uppbyggingaráætlun Félagsbústaða 2018 til 2022. Um 2/3 hlutar kaupanna eru íbúðir í nýjum húsum.

## Um 10,6 milljarðar í fjárfestingar

Áætlað er að verja 10,6 milljörðum króna á næstu tveimur árum, 2021 og 2022, í

fjárfestingar. „Ég held að fullyrða megji að Félagsbústaðir séu stærsta fasteignafélagið á íbúðamarkaði hérlendis. Það þarf að

sjálfsgöðu mikið fjármagn til þess að fjárfesta í öllum þeim fjölda íbúða sem keyptar eru eða félagið byggir sjálft. Í stað þess að taka hefðbundin lán, bein lán hjá bönkum eða Íbúðalánasjóði, þá hefur sú leið verið valin að gefa út skuldabréf og það hefur verið að skila okkur mjög góðum árangri. Við vorum til dæmis að fá tvo milljarða á ávöxtunarkröfunni 1,69%.“

## Nýframkvæmdir 2021 og 2022

Áætlað er að verja 1.821 milljarði til nýbygginga á næstu tveimur árum. Nýbyggingar á vegum Félagsbústaða eru fyrst og fremst íbúðakjarnar fyrir fatlaða. „Það er velferðarsvið borgarinnar sem metur þörfina fyrir húsnæði og við vinnum svo í samræmi við þær áætlanir. Nú er verið að breyta mikið áherslum og unnið að því að leggja niður svokölluð herbergjasambýli þar sem fatlað fólk býr enda samræmast þau ekki lengur reglugerð um húsnæði fyrir fatlað fólk. Við erum því bæði að breyta húsum svo þau uppfylli reglugerðina og byggja ný hús; lítil sex til sjö íbúða fjölbýlishús þar sem íbúar fá þjónustu við hæfi. Auk þess eru auðvitað fjölmargir fatlaðir sem leigja íbúðir í hefðbundnu fjölbýli.“

## Ábyrgar fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármagnaðar með tvennum hætti, stofnframlögum frá ríki og borg (30-34%) og með útgáfu félagslegra skuldabréfa (66-70%). Félagsbústaðir hafa heimild til að gefa út svokölluð félagsleg skuldabréf og er einn helsti hvatinn að útgáfunni vaxandi krafa fjárfesta um samfélagslega ábyrga fjárfestingakosti. Jákvæð samfélagsleg áhrif eru meðal annars vottuð útgáfa með vísan í heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. „Félagslegt leiguhúsnæði er liður í því að útrýma fátækt en leigan hjá okkur er langt undir því sem gerist á almennum markaði. Húsnæði fyrir alla eru mannréttindi, stuðlar að heilbrigði, öryggi og mannlegri reisu.“

felagsbustadir.is

Traustur fyrirtækjarekstur og öflug nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á fyrirtaeki@arionbanki.is, við þjónustuver í síma 444 7000 eða í netspjalli á arionbanki.is.





# Kappar – allt á einum stað

„Kappar eru alhliða verktakafyrirtæki sem tekur að sér öll þau verkefni sem snúa að nýsmíði, viðhaldi og endurnýjun mannvirkja. Við erum með um 40 smíði og smíðanema af öllum kynjum á okkar snærum og erum í traustu samstarfi við alla aðra iðnaðarmenn sem þarf til verksins, s.s. múrara, málara, rafvirkja og pípuþagningarmenn. Hjá Köppum fær viðskiptavinurinn því alla þjónustu á einum stað en hér er mikil reynsla og þekking sem hefur safnast upp á þeim tólf árum sem liðin eru frá því fyrirtækið var sett á laggirnar. Við erum með fasta starfsmenn og undirverktaka sem hafa lengi starfað fyrir okkur enda liggja verðmæti og gæði fyrirtækisins að miklu leyti í mannauðnum og notast Kappar ekki við starfsmannaleigur,” segir Aðalbjörn Páll Óskarsson, eigandi Kappa.

## Margvísleg þjónusta

„Í raun má segja að ekkert verkefni sé of lítið eða of stórt fyrir Kappa. Við tökum að okkur verkefni fyrir einstaklinga og fyrirtæki og vinnum einnig mikið fyrir tryggingafélög og fasteignafélög í viðgerðum og viðhaldi fasteigna. Við tökum m.a. að okkur lagningu gólfefna, skiptum um þök, smíðum palla og garðhýsi, öllumst gluggasmíði og glerisetningar og höfum allan búnað og leyfi fyrir okkar mannskap til að fjarlægja myglu og asbest og leysa vandamál sem þeim verkefnum fylgja svo fátt eitt sé nefnt. Einnig tökum við yfir fyrirtækið Neyðarþjónustuna fyrir nokkrum árum og erum með sérútbúna bíla til að bregðast við rúðubrotum, innbrotum og öðrum ófyrirséðum tjónum og sinnum neyðarvakt allan sólarhringinn allt árið um kring,” segir Aðalbjörn.



■ Aðalbjörn Páll Óskarsson eigandi Kappa (t.h.) og Haraldur Hrafn Guðmundsson skrifstofustjóri. „Með sameiningunni undir nafninu Kappar Iðntré munum við geta sinnt innréttingahlutanum enn betur,” segir Aðalbjörn í samtali.

## Sameining við Iðntré

Kappar eru til húsa að Draghálsi 12 í Reykjavík. Fyrirtækið er vel tækjum búið með m.a. tvo stóra iðnaðarfræsara en á gólfinu fer fram smíði innréttinga og ýmiss konar sérsníði, m.a. fyrir heilbrigðisstofnanir, skóla, skrifstofur og heimili. Einnig er ört vaxandi eftirspurn hjá okkur eftir sérsníðuðum borðplötum af öllum stærðum og gerðum bæði í akrýlstein, harðplastlögðum plötum, spónlögðum og gegnheilum við þar sem verkstæði Kappa er sérstaklega vel tækjum búið til slíkrar

smíði. Til að bæta vöruúrvalið og þjónustuna enn frekar var ákveðið að sameina Kappa og Iðntré sem er í sama húsi. Eftir sameiningu verður verkstæði Kappa orðið nærri 3000 m<sup>2</sup> á stærð.

„Iðntré er fyrirtæki sem var stofnað árið 2002 á grunni Ingvars & Gylfa sem stofnað var árið 1957. Starfsmenn Iðntré eru þekktir fyrir vönduð vinnubrögð og hafa smíðað fyrir fjölda fyrirtækja og stofnana við góðan orðstí. Viðskiptavinirnir munu áfram fá þá góðu þjónustu en með sameiningunni undir nafninu

Kappar Iðntré munum við geta sinnt innréttingahlutanum enn betur. Með vorinu verður svo innréttaður glæsilegur sýningarsalur í húsnæði Kappa þar sem viðskiptavinir geta komið, séð uppsettar innréttingar, valið hráefni og fengið alla almenna ráðgjöf.“

## Mikil samkeppni

Aðalbjörn segir að hvað innréttingarnar væri þá starfi Kappar í hörðu samkeppnisumhverfi, bæði við íslensk iðnfyrirtæki en þó mest innflutning erlendis frá. „Við leggjum áherslu á að vera sam-

keppnishæfir í verðum og enn betri í gæðum. Það hefur okkur tekist vel því fyrirtækið er rekið á sömu kennitölunni og það var stofnað á, hefur aldrei skipt um eigendur og stendur traustum fótum fjárhagslega. Kappar hafa ekki auglýst mikið en látið verkin tala. Okkar viðskiptavinir eru ánægðir og þeim fer fjölgandi. Það segir sína sögu,” segir Aðalbjörn hjá Köppum að lokum.

kappar.is



■ Starfsmenn Kappa eru með mikla reynslu en þar starfa m.a. 40 smíðir og smíðanemar.



# Fallvarnir í fyrirrúmi hjá Dynjanda

„Slysin gera oft ekki boð á undan sér og því er afar mikilvægt að byggingaraðilar verji starfsmenn sína sem best og hugi að fallvörnum og öðrum öryggisbúnaði. Við hjá Dynjanda erum margreynd í sölu á slíkum búnaði og höfum lengi sett fallvarnirnar í fyrirrúm. Þá bjóðum við mikið úrval af öðrum öryggisvörum, persónuhlífum, öryggisskóm og fatnaði,“ segir Þorsteinn Austri Björnsson, sölustjóri Dynjanda í samtali.

## Ekki treyst á heppnina

„Það er greinilegt að þekking og vitund hins almenna starfsmanns á öryggismálum hefur verið að aukast mjög mikið. Vissulega hafa orðið alvarleg slys sem hafa þá vakið menn til umhugsunar um öryggismálin og síðan hefur notkun öryggisbúnaðar aukist í kjölfarið. Hugafarsbreytingin skiptir mestu og menn hafa áttað sig á að notkun fallvarnabúnaðar og annars öryggisbúnaðar er betri kostur en að treysta á heppnina,“ segir Þorsteinn Austri enn fremur.

Dynjandi býður upp á námskeið þar sem farið er yfir grunnþætti fallvarnabúnaðar, notkun hans og meðhöndlun. Námskeiðið tekur um fjórar klukkustundir og í lok þess fá þátttakendur viðurkenningarskjál. Fjöldi þátttakanda er yfirleitt í kringum tíu en einnig er boðið upp á sér námskeið fyrir fyrirtæki þar sem hægt er að bæta við öryggisþáttum eða sniða námskeiðið frekar að þörfum fyrirtækisins.



■ „Við hjá Dynjanda höfum það að markmiði að halda forystusæti í að bjóða vörur og þjónustu sem stuðla að auknu öryggi starfsmanna,“ segir Þorsteinn Austri Björnsson sölustjóri.

## Úttekt á hverju ári

Þorsteinn Austri segir að vanda þurfi val á búnaði þannig að hann henti við þær aðstæður sem á að nota hann. Hann segir að t.d. fallvarnarmálur séu til í mörgum útfærslum og gerðum allt eftir verkefnum og mikið úrval sé til af fallvarnarlínum, vinnulínum, fallvarnarblökkum og ýmsum tengdum búnaði. Starfsmenn Dynjanda hafi hlotið grunnþjálfun til að aðstoða við val á almennum fallvarnar-

búnaði en sérhæfðir starfsmenn sjá um aðstoð við flóknari aðstæður. „Allan fallvarnabúnað þarf að færa til skoðunar að minnsta einu sinni á ári en einnig hefur aðili, sem viðurkenndur er af framleiðanda, heimild til að skoða búnaðinn og votta hann. Dynjandi býður að sjálfsögðu þessa þjónustu og getur tekið út og vottað allan þann búnað sem hann hefur selt.“




■ Mikið af vinnufatnaði Dynjanda er til í alls konar útfærslum og má segja að þar sé um tiskuvöru að ræða, t.d. varðandi skófatnaðinn.

## Fjölbreytt vöruval

Þegar litið er yfir úrvalið í verslun Dynjanda má sjá að þar eru margar vöruflokkar í boði. Alls kyns vinnufatnað er hægt að fá, s.s. öryggisskó, hjálma, samfestinga, hanska, boli, vinnuskyrtur og smíðavesti. Mikið af vinnufatnaði Dynjanda er til í alls kyns útfærslum og má segja að þar sé um hástískuvöru að ræða, t.d. hvað skófatnaðinn varðar. Öryggisvörur hvers konar eru hins vegar

í fyrirrúmi, s.s. augn- og andlits- hlífur, eyrnatappar, ryk- og gasgrímur, heyrnahlífur og gas- og súrefnismælur.

dynjandi.is



STÓRSÝNING

## ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021

Stórsýning í Laugardalshöll 8.-10. október

### MATVÆLASÝNING

Sýningin verður einstaklega fjölbreytt og munu fjölmörg fyrirtæki kynna og leggja áherslu á hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.

### TÆKJASÝNING

Sýningin verður einstaklega fjölbreytt og munu fjölmörg fyrirtæki kynna alls kyns rekstrarvörur og aðrar vörur fyrir íslenskan landbúnað.

### ÖFLUG DAGSKRÁ

Unnið er að mótun áhugaverðra fyrirlestra og uppákoma er verða kynnt er nær dregur.



ÍSLENSKUR  
LANDBÚNAÐUR  
- 2021 -

Hér er í uppsiglingu öflug landbúnaðarsýning sem hentar öllum þeim sem selja vörur og þjónustu til landbúnaðarins. Hafið samband við Ólaf, framkvæmdastjóra olafur@ritsyn.is, 698 8150 eða Ingu, markaðsstjóra inga@ritform.is, 898 8022.



# Sundabrá – hvers vegna og hvenær?

**Í janúar sl. komst starfshópur á vegum Vegagerðarinnar að þeirri niðurstöðu að Sundabrá væri hagkvæmasti kosturinn varðandi þverun Kleppsvíkur. Færir hópurinn fyrir því margvísleg rök sem annars vegar snúa að kostnaði og hins vegar að áhrifum á umferð innan svæðisins. Hópurinn telur að undirbúningi og framkvæmdum við brúna geti verið lokið eftir áratug eða svo.**

## Áður voru það jarðgöng...

Sundabraut hefur um áratugaskeið verið þrætuepli og sá starfshópur sem nú skilaði niðurstöðum er ekki sá fyrsti sem er ætlað að hjálpa yfirvöldum að útkljá málið. Mesti ágreiningurinn hefur verið um þverun Kleppsvíkur og ótaldar tillögur sérfræðinga komið fram í þeim efnunum.

Starfshópur um Sundabraut á vegum ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skilaði skýrslu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sumarið 2019. Hópurinn skoðaði annars vegar jarðgöng yfir í Gufunesi og hins vegar lágbrú sem þveraði hafnarsvæðið við Kleppsvík. Hvorki botngöng né hábrú yfir Kleppsvík voru þá taldir fýsilegir kostir og niðurstaðan varð sú að besti kosturinn væru gjaldskyld jarðgöng sem færu undir Kleppsvík og byggðina vestan Kleppsspitula og tengdust inn á Kringlumýrarbraut skammt frá Laugarnesi. Lágbrú var útilokuð vegna áhrifa á hafnarsvæðin í Sundahöfn.

## ... og nú er það hábrú


Í skýrslu starfshóps Vegagerðarinnar nú komast menn að allt annarri niðurstöðu og færa fyrir því margvísleg rök að hábrú yfir Kleppsvík sé vænlegasti kosturinn; mun ódýrari en jarðgöng og betri en lágbrú þar sem skip gætu þá siglt undir brúargólfið sem ekki myndi rýra gildi Sundahafnar að neinu marki. Starfshópurinn áætlað að kostnaður við þverun með hárrí Sundabrá geti orðið um 44 milljarðar króna en með jarðgöngum 58 milljarðar króna. Kostnaður við kaflann frá Gufunesi upp á Kjalarnes er sá sami í báðum tilvikum eða 25 milljarðar króna. Það ert því ljóst að Sundabraut í heildina gæti kostað á bilinu 69-83 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd yrði unnin sem samvinnuverkefni hins opinbera og einkaaðila sem þýðir að gjald yrði tekið fyrir að aka um alla Sundabraut eða hluta hennar.

## Lengsta brú á Íslandi

Þessar nýjustu hugmyndir um Sundabrá gera ráð fyrir að hún verði 1.172 m löng með 14 höfum. Brúin yrði sú lengsta á Íslandi en þess má geta til samanburðar að Borgarfjarðarbrú er helmingi styttri eða 520 metra löng. Sundabrá myndi tengjast Sæbraut við gatnamót Holtavegar og færi á brú yfir Kleppsvík og á fyllingu úti fyrir Gufuneshöfða. Fjórar akreinar yrðu á brúnni auk sérstakrar göngu- og hjólaleiðar. Um helmingur brúarinnar yrði yfir Kleppsvík en síðan færi hún hátt yfir land á vesturhlutanum til að verja athafnasvæði við Sundahöfn. Brúin myndi rísa í 35 metra hæð yfir hafflötinn með 30 metra siglingahæð og 100 metra breiðri siglingarennu. Með þessu er gert ráð fyrir að hægt verði að sigla undir Sundabrá til að nýta áfram hafnarbakka innan brúarinnar.

## Á skipulagi í áratugi

Hugmyndir um svokallaða Sundabraut hafa verið uppi á borðum um áratuga skeið eða allt frá árinu 1975 er hún komst inn á aðalskipulag Reykjavíkurborgar. Brautinni hefur verið ætlað að bæta samgöngur á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins, stytta ferðatíma innan þess, bæta tengingar við Vesturland og Norðurland og auka á öryggi varðandi leiðir út úr borginni ef til náttúruvár kemur. Í fyrri hugmyndum um Sundabraut var gert ráð fyrir að einkabíllinn væri megin samgöngutækid og því nauðsynlegt að byggja mikil umferðarmannvirki til að



■ Sortlandbrúin í Noregi. Sundabrá yrði væntanlega mjög lík þessari brú. Siglingahæð norsku brúarinnar 30 m, siglingahaf 150 m, lengd 950 m. Mynd: Efla.



■ Sundabraut, 2. áfangi. Horft úr Gufunesi. Öll brautin með hábrú yfir Klettsvík er talin kosta á bilinu 69-83 milljarða króna.

## FRÉTTASKÝRING



Valþór Hlöðversson skrifar

greiða hans leið. Á síðustu árum hefur öðru vísi sjónarmiðum vaxið fiskur um hrygg og meira horft til kosta á borð við Borgarlínu og lestarsamgöngur að og frá höfuðborgarsvæðinu. Talið er að hábrúin taki meira tillit til slíkra sjónarmiða en göng sem fyrri starfshópur mat fýsilegru. Þá myndi brúin einnig gefa hjólandi og gangandi vegfarendum kost á að fara þar um sem göng hefðu ekki gert.

## Einkennistákn eftir 10 ár?

Framkvæmdin er matskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og gera þyrfti breytingar á aðalskipulagi borgarinnar og sennilega svæðisskipulaginu líka. Ef niðurstöður starfshóps Vegagerðarinnar verða til grundvallar lokaákvörðun í málinu er talið að framkvæmdir við Sundabrá geti hafist eftir fjögur ár og síðan taki við framkvæmdatími vegna brúarinnar og aðliggjandi vega upp á 4-5 ár. Ef allt þetta gengur eftir gætum við séð enn eitt einkennistákn borgarinnar gnæfa við himinn eftir áratug.

Gert er ráð fyrir að þegar Sundabrá hefur risið taki við lagning síðari hluta Sundabrautar til norðurs frá Gufunesi um Eiðsvík og Geldinganes, yfir Leiruvog, Gunnunes, Álfsnes og Kollafjörð og inn á Vesturlandsveg á Kjalarnesi. Líklegast er að allur þessi kafli brautarinnar verði á yfirborði, 2+2 vegur með mismögum gatnamótum á nokkrum stöðum.



■ Hábrúin færi yfir Kleppsvíkina og þvert yfir hafnarsvæðin ofan við miðja mynd. Myndir: Vegagerðin.




■ Lega Sundabráar frá Holtavegi yfir í Gufunesi. Sundabrá er merkt með gulum lit. Hún yrði lengsta brú á Íslandi og brúargólfið væri í 35 m hæð yfir haffletinum.





GRUNDFOS 


# DÆLUR Í FREMSTA GÆÐAFLOKKI




GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAÐ ER TENGI

 Opíð mán-fim. 8:00-18:00 | föst. 08:00-17:00 | laug. 10:00-15:00

 Smiðjuvegi 76 | Kópavogi  
Baldursnesi 6 | Akureyri

 Kópavogi: 414 1000 | Akureyri: 414 1050

 [tengi.is](http://tengi.is)



# Framtíðin er björt í Eyjum

– segir Magnús Sigurðsson, framkvæmdastjóri Steina og Olla

Byggingafyrirtækið Steini og Olli í Vestmannaeyjum hefur verið áberandi í byggingaframkvæmdum þar síðustu 30 árin og hefur félagið staðið fyrir byggingu margra mannvirkja sem setja svip á bæinn. Fyrirtækið er með um 40 manns í vinnu auk undirverktaka og það rekur eigin steypustöð. Við litum við hjá Magnúsi Sigurðssyni framkvæmdastjóra og spurðum hann um verkefnastöðuna.

## Uppbygging á Ísfélagsreit

„Hjá okkur hefur verið nóg að gera síðustu árin en við höfum bæði verið að byggja íbúðir og atvinnuhúsnæði en einnig hvers konar þjónustuhús fyrir Vestmannaeyjabæ og fleiri aðila. Nú er okkar helsti vettvangur fasteignaverkefni á gamla Ísfélagsreitnum en þar verða m.a. 15 íbúðir, sambyli og félagsaðstaða fyrir fatlaða og útibú Íslandsbanka. Þessi uppbygging er í góðu samstarfi við Vestmannaeyjabæ en leitað var eftir hugmyndum um uppbyggingu á reitnum með útbóði. Við fengum Teiknistofu Páls Zophoníassonar



■ Magnús Sigurðsson, framkvæmdastjóri Steina og Olla segir fyrirtækið hafa haft úr nógu að spila á byggingamarkaðnum.

## Kerfisvandi sem verður að leysa

„Við sem erum í byggingabransanum erum örugglega öll sammála um að allt of langan tíma tekur að fá einföld erindi afgreidd þegar kemur að hinu opinbera. Flest sveitarfélögin eru ótrúlega svífasein þegar kemur að afgreiðslu byggingarleyfa eða breytinga á skilmálum. Það verður að vinna ofan af þessu rugli,“ segir Svanur Karl Grjetarsson, framkvæmdastjóri MótX.

Svanur Karl tók þátt í pallborðsumræðum á nýafstöðnu lðningi og þar voru menn sammála um að kerfið sem er utan um byggingabransann væri allt of flókið og seint í vöfum. Hann segir að það geti tekið vikur og mánuði að fá afgreiddar einfaldar breytingar á teikningum hjá byggingafulltrúa. Þetta orsaki óþarfa tafir í ferlinu og þar með kostnað sem hægt væri að komast hjá.

## Skatturinn til fyrirmyndar

„Ég hef lengi verið í samskiptum við það fólk sem er í framlínunni í þessum málum. Þetta er upp til hópa duglegt og elskulegt fólk. Hins vegar er kerfið þunglamalegt og gamaldags. T.d. sé gerð krafa um útprentun og uppáskrift allra teikninga þótt búið sé að setja í lög og reglugerðir að afgreiðsla þeirra megi fara fram með raf-rænum hætti. Hönnuðir og byggingaraðilar þekkja vel þann veruleika að þurfa að bíða eftir stimpli á breytingar sem á endanum eru samþykktar athugasemdalest. Þá get ég nefnt að í einu tilviki tók það níu mánuði eða heila meðgöngu að fá afgreiddan eignaskiptasamning – án athugasemda! Þetta er óþolandi, tefur



■ Svanur Karl Grjetarsson, framkvæmdastjóri MótX. „Í einu tilviki tók það níu mánuði eða heila meðgöngu að fá afgreiddan eignaskiptasamning – án athugasemda!“

verkið sem við erum að sinna og eykur auðvitað kostnað þegar upp er staðið,“ segir Svanur Karl.

Hann segir mjög mikilvægt að sveitarfélögin setji byggjendum ákveðinn ramma til að fara eftir. „Við höfum ekkert á móti því að eftirlit sé haft með okkar störfum, reglulegar úttektir fari fram og svo framvegis. Þessi gagnrýni snýr ekki að slíku heldur verklaginu í afgreiðslu smámála sem ætti að vera hægt að afgreiða í hveli. Kannski er þetta forræðisbyggja en í öllu falli er hér kerfisvandi á ferðinni sem verður að leysa og það strax. Ég held að embætti byggingafulltrúa ættu að taka Skattinn sér til fyrirmyndar en hann hefur á skömmum tíma breyst úr gamaldags eftirlitsstofnun í nútímalegt þjónustufyrirtæki. Þetta er sumsé hægt.“

## Góð verkefnastaða

Við víkjum að lokum talinu að verkefnum MótX og spyrjum Svanur Karl hvort ekki sé rífað gangur hjá hans fyrirtæki. „Jú, við þekkjum ekkert annað. Við munum næsta sumar ljúka byggingu 128 íbúða við Elliðabraut í Norðlingaholti og erum þessa dagana að byggja 28 íbúða hús í Urriðaholtiinu í Garðabæ. Þá erum við að byggja 3.000 m<sup>2</sup> iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði fyrir KAPP ehf. í Turnahvarfi 8 í Kópavogi. Og svo eru næstu verkefni í burðarliðnum en ótímabært að segja frá þeim að sinni.“

motx.is



■ MótX er að ljúka byggingu 128 íbúða við Elliðabraut í Norðlingaholti í Reykjavík.





■ Miklar framkvæmdir standa nú yfir á gamla Ísfélagsreitnum sem Steini og Olli standa fyrir í samstarfi við Vestmannaeyjabæ.

til liðs við okkur og lögðum fram hugmyndir og tilboð í verkefnið. Þetta er mikið mannvirki, samtals um 2.700 m<sup>2</sup> auk bílakjallara," segir Magnús.

#### Góð verkefnastaða

Magnús segir fyrirtækið hafa haft úr nógu að spila á byggingamarkaðnum. „Þetta fyrirtæki hefur komið að ýmsum byggingum hér á liðnum árum. Við byggðum m.a.

húsnæði Bónuss og Húsasmiðjunnar, tengivirki HS Veitna og Landnets við FES, frystiklefa og tengibyggingar Ísfélagsins, Eimskipshöllina og nýja þróttasalinn, Baldurshaga, byggðum stækkun við Hótel Vestmannaeyjar og fyrri frystiklefa Vinnslustöðvarinnar svo eitthvað sé nefnt. Við höfum nýlengið við að reisa hús undir hráefnistanka Ísfélagsins á Nausthamarsbryggju og á síðasta

ári byggðum við m.a. fjögur einbýlishús og erum nú að byggja við Hásteinsvallarstúku og innrétta búningsaðstöðu þar og nýja búningsklefa í sundlauginni. Næsta verkefnið hjá okkur er bygging raðhúsa í Áshamrinum.“

#### Gamla gróid fyrirtæki

Byggingafyrirtækið Steini og Olli var sett á laggirnar 1988 en það gerðu húsasmiðameistararnir Ár-

sæll Sveinsson og Steingrímur Snorrason sem höfðu byrjað að starfa saman árið 1982. Fleiri hluthafar bættust smám saman í hópin en árið 2009 var fyrirtækið selt Magnúsi Sigurðssyni og konu hans Ester Sigríði Helgadóttur. Við spurðum Magnús út í nafnið á fyrirtækinu en lógó þess er einmitt mynd af þeim Arthur Jefferson og Oliver Hardy, sem léku þá kumpána og voru á há-

tindi ferils síns á árunum 1927-1938.

„Sagan á bak við þetta nafn er sú að þegar þeir félagar voru með félagið í burðarliðnum opnaði Steingrímur, sem jafnan var kallaður Steini, reikning í verslun hér í bænum. Kaupmaðurinn spurði á hvern ætti að stíla úttektina og var fátt um svör þar sem ekki hafði verið fundið nafn á fyrirtækið. Þá gall í einhverjum í versluninni: „Skrifaðu þetta bara á Steina og Olla“ sem þá voru einnig þekktir undir tvíeykisnafninu Gög og Gokke. Þetta varð þeim félögum innblástur og þeir ákváðu að skýra hið nýstofnaða fyrirtæki þessu léttúðafula nafni.“

#### Byggt um allan bæ

Magnús segir að uppbyggingin í Vestmannaeyjum síðustu misseri hafi verið ótrúlega hröð og byggingaverkefni sé að finna út um allan bæ. „Á þessu eru eflaust margar skýringar en ein þeirra er örugglega sú bjartsýni og kraftur sem hefur færst í Vestmannaeynga eftir að Landeyjahöfn var byggð og nýr Herjólfur kom til sögunnar. Þá hefur Vestmannaeyjabær staðið sig vel í að úthluta lóðum en einnig í að standa sjálfur fyrir stórum uppbyggingarverkefnum án þess þó að skapa óþarfa spennu á okkar litla markaði. Það hefur reynst farsælt. Loks starfa hér þróttmikil sjávarútvegsfyrirtæki sem grundvöllur byggðarinnar hvílir auðvitað á. Mestu skiptir þó að Vestmannaeyngar trúa á framtíðina enda virðist okkur að hún sé afar björt hér í Eyjum,“ segir Magnús að síðustu.

## Eitt vistvænt efni

Viroc er:

Eldvörn

Hljóðeinangrun

Klæðningarefni inni & úti

Innréttingarefni

Varanlegt mótaefni (lost formwork)



**viroc**  
by Investwood



**P. ÞORGRÍMSSON & CO**

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is





■ EPD vottunin gefur BM Vallá möguleika á að framleiða steypu með minna kolefnisfótspor en verið hefur.

Ljósmynd: BM Vallá.

# Minna kolefnisspor hjá BM Vallá

„Umhverfismálin eru málaflokkur sem íslensk fyrirtæki verða að láta sig varða og við hjá BM Vallá höfum verið að gera okkar til að uppfylla aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum. BM Vallá er fyrsti steinsteypuframleiðandinn sem hefur fengið útgefna EPD umhverfislýsingu en hún þýðir að fyrirtækið getur veitt sínum viðskiptavinum vistferilsgreiningu steinsteypunnar sem þeir nota með það að markmiðum að draga úr umhverfisáhrifum við byggingar,“ segir Gunnar Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá BM Vallá.

## Mun vistvænni steypa

Gunnar Þór segir í samtali við Sóknarfæri að þessi vottun skipti gríðarlegu máli og gefi fyrirtækinu möguleika á að framleiða steypu með minna kolefnisfótspor en verið hefur. Nú þegar höfum við ná að framleiða steypu með allt að 35% minna kolefnisspori og erum rétt að byrja í þessari vegferð. Vottunin er gefin út af EPD stofnuninni í Noregi og lýtur að umhverfisáhrifum steypunnar allt

frá öflun hráefna til afhendingar á verkstað. „Til að svona vottun fái þarf að endurskipuleggja alla verkferla með það að markmiði að framleiða vistvænni steypu. BM Vallá hefur einnig tekið þátt í verkefnum sem hafa hlotið Svansvottun en við lögðum t.d. til alla steypu í visthúsið í Garðabæ sem byggt var fyrir nokkrum árum.“

## Grænni verktakar

Með EPD vottuninni náði BM Vallá mikilsverðum áfanga í umhverfismálunum en fleiri skref hafa verið stigin til að draga úr kolefnisfótspori fyrirtækisins. „Við tókum líka þátt í verkefninu Grænni verktakar sem felur í sér sameiginlega ábyrgð í endurvinnslu umbúða. Þar gerðum við samning við nokkra verktaka um að þeir söfnuðu saman tónum múrþokum, sem eru plastfóðraðir að innan, en við söfnum þeim saman og skilum til endurvinnslu. Allir verktakar sem taka þátt í þessu samstarfi fara á lista okkar yfir Græna verktaka og fá í kjölfarið okkar bestu meðmæli.“

## Mál málnanna

Að sögn Gunnars Þórs vinnur BM Vallá þetta verkefni í samstarfi við Pure North Recycling í Hveragerði. Fyrirtækið er hið eina hér á landi sem endurvinnur plast að fullu en þá er óhræinum plastúrgangi breytt í plastperlur sem seldar eru til framleiðslu á nýjum plastvörum

hér á landi og erlendis. „Við hjá BM Vallá erum afar ánægð með þetta samstarf en markmiðið er að plast verði aftur að plasti og að fullvinnslan skilji eftir sig sem minnst eða ekkert kolefnisspor. Mengun í heiminum er farin að hafa alvarleg áhrif á vistkerfið og ógnar það afkomu og velferð okk-

ar Íslendinga. Við verðum að stöðva þessa óheillaþróun og BM Vallá vill leggja sitt af mörkum til að markmiðin um það náist,“ segir Gunnar Þór að síðustu.

[bmvalla.is](http://bmvalla.is)



■ Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri RB rúma segir að dýrnarnar í rúmunum skipti mestu máli.

RB rúm í Hafnarfirði

## Strangar kröfur um gæði

Fleiri og fleiri eru orðnir meðvitadírur nauðsyn þess að velja rúm sín af kostgæfni og þá sérstaklega dýrnarnar. Úrvalið á markaðnum er mikið og nær eingöngu um innfluttar vörur að ræða nema hjá RB rúmunum þar sem íslensk framleiðsla hefur verið í fyrirrúmi frá því Ragnar Björnsson stofnaði fyrirtækið árið 1943.

„Við smíði okkar framleiðsluvara gerum við strangar kröfur

um gæði og endingu enda vitum við að þá verða viðskiptavinirnir ánægðir. Við bjóðum rúm í öllum stærðum og gerðum og leggjum áherslu á vandaðar dýnur enda skipta þær mestu máli,“ segir Birna Ragnarsdóttir hjá RB rúmunum í Hafnarfirði.

Hægt er að velja um fjórar tegundir af springdýnum: RB Rúm Sasha, Ull-deluxe, Super-deluxe, og Grand-deluxe. Fjórir stíflaerker eru í boði í öllum þessum tegund-

um; mjúk, medium, stíf og ext-rastíf – allt eftir óskum hvers og eins. Fyrirtækið er eina þjónustufyrirtækið á sínu sviði sem býður endurhönnun á springdýnum eftir áralanga notkun. Einnig sérhæfir fyrirtækið sig í hönnun og bólstrun á rúmgöflum, viðhaldi og viðgerðum á springdýnum og eldri húsgögnum.

[rbrum.is](http://rbrum.is)

**SI** Samtök  
iðnaðarins



# Hundruð íbúða á Orkureit



■ Orkureiturinn er samtals um 2,6 hektarar. Hér sér yfir byggðina skv. Verðlaunatillögu, horft til norðausturs.



■ Nærmynd frá Ármúla. Orkuhúsið í baksýn.

Myndir: ALARK arkitektar.

Um þessar mundir er verið að vinna deiliskipulag fyrir svokallaðan Orkureit, á horni Suðurlandsbrautar og Grensásvegur og upp að Ármúla í Reykjavík. Skipulagið er unnið á grundvelli verðlaunatillögu ALARK arkitekta í skipulagssamkeppni um reitinn árið 2019. Tillagan gerir ráð fyrir um 450 íbúðum ásamt um 6.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði. Áætlanir gera ráð fyrir að uppbygging á reitnum geti hafist á árinu 2022. Það eru Reykjavíkurborg og Reitir fasteignafélag sem standa að verkefninu.

## Orkuhúsið fær að standa

Reitir fasteignafélag eru eigendur húsnæðis á þessum reit. Með samkeppninni vildu menn stuðla að fjölbreyttu og aðlaðandi borgarumhverfi og að byggðin félli vel að samgöngumarkmiðum AR 2010-2030, sjálfbærum lífnaðarháttum og betri lífsgæðum. Orkuhúsið sjálft er miðdepill tillögunnar en það er 4.100 m<sup>2</sup> með tengibyggingum. Sjálf aðalbyggingin, 6 hæðir, fær að standa áfram en lágbyggingar verða rifnar. Byggingar við Ármúla 31 eru úr stálgrind á kjallara, samtals 6800 m<sup>2</sup>. Þær verða allar rifnar til að rýma fyrir nýjum húsum.

## BREEAM vottað skipulag

Skipulag Orkureitsins verður fyrsta skipulagið í Reykjavík sem unnið er samkvæmt BREEAM vottunarkerfinu. Það felur í sér að hugað er að sjálfbærum áherslum í skipulagsvinnunni strax í byrjun með það fyrir augum að lágmarka neikvæð áhrif byggðar á umhverfið. Þannig verði horft til fleiri þátta en alla jafnan er krafist við deiliskipulagsgerð. Uppbyggingin verður í samræmi við markmið og í anda húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar þannig að um 15% íbúða á lóðinni verða leiguíbúðir, íbúðir Félagsbústaða, stúdentaíbúðir, búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða.

## Allt að 8 hæða hús

Orkureiturinn tengist vel aðliggjandi umhverfi, bæði í byggðarmynstri og einnig með sterkum ásum, svokölluðum Orkuás, frá Ármúla og Grensás frá Grensásvegi. Tenging reitsins við Laugarðalinn og allt sem hann hefur upp á að bjóða er einning sterk. Hús á reitnum verða 3ja til 8 hæða og stallast þau og lækka mót suðri og vestri. Reiturinn er samtals 26.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli og byggingarmagnið verður um 11.000 m<sup>2</sup>.



## Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?

Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru ellefu talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði lamsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

- » Launavernd í allt að 9 mánuði í veikindum
- » Styrkir vegna veikinda maka eða barna
- » Styrkir til kaupa á gleraugum og heyrnartækjum
- » Styrkir vegna fæðingar barns
- » Tryggingavernd allan sólarhringinn!
- » Aðgangur að tugum orlofshúsa og íbúða um land allt
- » Dánarbætur vegna andláts félagsmanns
- » Einstaklingsbundin þjónusta
- » Lögfræðiaðstoð

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert ellefu aðildarfélaga STF.

Við tökum vel á móti þér!

Samband  
stjórnendafélaga



Hlíðasmára 8  
201 Kópavogur  
Sími 553 5040  
stf@stf.is  
www.stf.is



# Röraframleiðsla og tæknilegar lausnir á lagnasviði

Iðnaðarstarfsemi Set ehf á Selfossi er vel þekkt á meðal hita- og vatnsveitna og bæjarfélaga sem reka veitustarfsemi. Einnig á byggingavöru- og framkvæmdasviði þar sem Set hefur komið að fjölda verkefna. Set framleiðir rör og tengiefni fyrir allar gerðir af veitukerfum og veitir þjónustu við lagnamarkaðinn. Fyrirtækið hefur á að skipa fjölbreyttri framleiðslutækni á Selfossi og rekur einnig fyrirtæki í Þýskalandi, Set Pipes GmbH sem framleiðir einangrað lagnaefni, Set hefur vöruhús og afgreiðslu í Klettagörðum 21. Reykjavík.


Sölu- og þróunarsvið Set hefur aflað nýrra tækifæra í atvinnuvegatengdum verkefnum fyrir sjávarútveg, fiskeldi, landbúnað, iðnað og umhverfistækni en á þeim sviðum hefur vöruþróunar- og véltæknideild oft annast sérhæfðar tæknilausnir. Samstarf Set og endurvinnslufyrirtækisins Pure North í Hveragerði hefur einnig opnað á ný og áður óþekkt tækifæri á sviði endurnýtingar og umhverfisvænni framleiðslu.


Set á öflugt og gott samstarf við framleiðendur á samskeytaefni, lokum og ýmsum hliðarvör-



■ Set býður fjórar mismunandi lausnir af lagnaefni fyrir fráveitukerfi og er því afar vel í stakk búíð að sinna þeim markaði. Hér getur að líta rör úr Polyethylene efni sem fyrirtækið framleiðir í stofnæðar fráveitna. Tæknideild Set tekur í æ ríkari mæli að sér sérsmíði á brunnnum og tengistykkjum í slíkum verkefnum og samsuðu röra og tengihluta á lagnastað.

## FEGURÐ, MÝKT ENDING





## ÁLKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul.  
Fjöldi lita og gerða á lager  
Áratuga reynsla

Fossaleynir 8 • 112 Reykjavík • [www.altak.is](http://www.altak.is) • 577-4100 • [altak@altak.is](mailto:altak@altak.is)

um með eigin framleiðsluvörum. Að sögn Bergsteins Einarssonar, forstjóra Set hefur starfsemi sjaldan verið blómlegri en á síðasta rekstrarári þrátt fyrir þá alvarlegu truflun sem Covid faraldurinn hefur valdið.

„Það hefur myndast mikil reynsla og þekking meðal starfsfólks okkar og við lítum framtíðina björtum augum. Fyrirtækið mun áfram starfa á sviði innviða, með aðaláherslu á umhverfis- og orkutengd verkefni,“ segir Bergsteinn.

Grunnvöruflokkar Set eru sem fyrr veitutengt efni fyrir heitt og kalt vatn, fráveitur, ljósleiðara- og raflagnir og til hliðar; snjóbræðslurör, vegastikur, merkihælar, loftunarrör og ýmsar aðrar vörur.

Set einangrar stálpípur og tengistykki fyrir hitaveitur og einangrar hitaþolin plaströr í lengri einingum í inntök og stofnlagnir í dreifbýlisveitum. Fyrirtækið er á meðal tæknilega sterkustu framleiðenda á því sviði í heiminum. Nýja Elipex Premium rörið hefur meiri sveigjanleika en áður hefur þekkt og góða einangrunar eiginleika.

Set framleiðir plaströr fyrir vatnsveitur, í stofnlagnir, dreiflagnir og inntök. Sex áratuga reynsla er af notkun plaströra fyrir neysluvatn en efnið hefur hægt og bitandi að mestu yfirtekið þann markað.



Plaströr Set fyrir fráveitukerfi eru af fjórum mismunandi gerðum fyrir ólík notkunarsvið:

Slétt rör með múffu fyrir stofnlagnir í og frá sökklum húsa, tvöföld plaströr rífluð að utan og slétt að innan fyrir stofnlagnir gatna, profilvafin víðari rör fyrir stofnræsi og loks þykkvegga rör í þrýstilagnir og útrásir í sjó.



Raflagnarör fyrir byggingar eru framleidd af Set fyrir alla helstu endursölu- og dreifingaraðila á raflagnaefni.

Rörin hafa fyrir löngu sannað sig á markaðnum sem vönduð vara, þjál og meðfærileg í notkun.



Ljósleiðararör fyrir fjar- skiptaveitur hafa skipað töluverðan sess allt frá því ljósleiðaravæðingin hófst hér á landi á miðjum níunda áratugnum. Þessi markaður hefur verið í örri þróun og Set hefur stöðugt bætt við vöruval sitt með fleiri gildleikum og lengri einingum auk þess sem fjölpípurör hafa komið til sögunnar.

set.is






Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



ÍSLENSKT

*gjöril svo vel*



RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími 555 0397 | [www.rbrum.is](http://www.rbrum.is) | [rum@rbrum.is](mailto:rum@rbrum.is) | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Virka daga opið frá kl 09:00 til kl 18:00 - Laugardaga opið frá kl 10:00 til kl 14:00 - Sunnudaga lokað



Steinbock þjónustan og Íslyft

# Fjölbreytt tæki fyrir atvinnulífið



■ Hundruð Avant tækja eru í notkun hér á landi og verða lengi enn því endingin er afar góð.

„Á síðasta ár var metsala hjá okkur þrátt fyrir Covid og allt það. Við höfum verið að taka til okkar umboð fyrir ný merki og bjóðum því upp á mikla breidd í hvers konar tækjum sem notuð eru í byggingariðnaði, sjávarútvegi, landbúnaði og almennri verktakastarfsemi,“ segir Gísli Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Íslyft í samtali en við hittum hann og Pétur Svavarsson sölu- mann á dögnum.

Steinbock þjónustan og Íslyft eru fyrir löngu landsþekkt fyrirtæki en um er að ræða fyrstu lyftarþjónustufyrirtæki landsins, stofnuð snemma á 8. áratug síðustu aldar. Þau eru því komin vel á fimmtugsaldurinn og enn rekin á sömu kennitölunni. Með árunum hefur vöruframbóðið aukist og er fyrirtækið með umboð fyrir fjölda merkja eins og Linde, Kone, John Deere, Avant og Manitou.

## Avant – leiðandi merki

„Á árinu 2018 tók Íslyft við umboði fyrir finnska framleiðandann Avant en það er markaðsleiðandi í heiminum í sínum stærðarflokki liðléttinga. Fyrirtækið býður vélar í mismunandi stærðum og einnig afar fjölbreyttan aukabúnað sem henta til hvers konar hluta. Þessi tæki hafa lengi verið í notkun hér á landi og eftir að við tókum við umboðinu hafa þau runnið út hjá okkur og verið vinsæl hjá sveitafélögum, bændum og ýmsum fyrirtækjum í byggingariðnaði. Hundruð Avant tækja eru í notkun hér á landi og verða lengi enn því endingin er afar góð,“ segir Pétur.

## Manitou skotbómulyftarar

„Á síðasta ári tók svo Íslyft við umboði fyrir frönsku Manitou skotbómulyftarana en þeir hafa verið á markaði hér í meira en hálfu öld. Þessi tæki eru afar sterk og henta vel í byggingariðnaði, fiskvinnslu og landbúnaði. Manitou framleiðir margvísleg tæki önnur, m.a. lyftara með drifi á öllum hjólum, vinnulyftur, vélskóflur o.fl. Aðdragandinn að því að við tókum við þessu umboði var mjög skammur. Forsvarsmenn Manitou höfðu samband við okkur sl. sumar og í september hófum við að selja fyrstu tækin. Salan á Manitou hefur farið fram úr okkar björtustu vonum og voru um 20 tæki seld fyrstu þrjá mánuðina. Við munum kappkosta að hafa úrval tækja frá þeim á lager og



■ John Deere er leiðandi dráttarvélaframleiðandi í Evrópu og Bandaríkjunum.

auðvitað fjölbreytta aukahluti,“ segir Gísli enn fremur. Þess má geta að þegar Íslyft tók við umboðinu fyrir Manitou var einn reyndasti sölumaður tækjanna frá fyrri umboðsaðila, Óttar M. Eilingsen, ráðinn til Íslyft en hann gjörþekkir þessi tæki.

## John Deere og Linde

Íslyft tók við umboði fyrir John Deere dráttavélar árið 2017 og hefur hlutdeild John Deere á Íslandi aukist jafnt og þétt síðan þá. „John Deere er leiðandi dráttarvélaframleiðandi í Evrópu og Bandaríkjunum, sannkallaður vinnu- jálkur í m.a. landbúnaði. Tækin fást í ýmsum stærðum

og útfærslum og við bjóðum upp á alhliða þjónustu og viðgerðir og getum útvegað varahluti í öll tæki með hraði.“

Linde lyftararnir hafa verið mest seldu lyftarar á Íslandi frá 2004 eftir að Íslyft tók við umboðinu og hafa fyrir löngu sannað gildi sitt en þúsundir slíkra tækja eru í rekstri hér á landi. Þá er Íslyft einnig umboðsaðili fyrir CombiLift en það eru 4-stefnu lyftarar sem nýtast afar vel í vöruhúsum enda snarir í snúningum og geta athafnað sig í ótrúlega þröngu rými.

## Íslyft í stórræðum

Mikill vöxtur fyrirtækisins á síðustu árum útheimtir stærra húsnæði. Þótt félagið sé í afar rúm- góðu og nýlegu húsi að Vesturvör 32 í Kópavogi er það þegar búið að sprengja það utan af sér. Nýtt og glæsilegt viðbótarhúsnæði er í byggingu á næstu lóð þar sem

verður rúmlega 2000 m<sup>2</sup> vöru- og þjónustuhús. „Í þessu nýja húsnæði verðum við betur í stakk búin að sýna okkar tæki og þjónusta viðskiptavinina enn betur. Þá má geta þess að nýlega fluttum við inn í ríflega 700 m<sup>2</sup> húsnæði við Lækjarvelli 6 á Akureyri en það er m.a. hannað fyrir skotbómulyftara og stærri tæki.“

Tæplega 50 manns starfa hjá Íslyft og Steinbock þjónustunni og segir Gísli að mikil áhersa sé lögð á að mannskapurinn sækir sér endurmenntun því mikil tækniþróun eigi sér stað í þessum geira og birgjarnir kröfuharðir um að starfsmenn fylgist vel með.

islyft.is

■ Á síðasta ári tók Íslyft við umboði fyrir Manitou skotbómulyftarana.







# KAPPAR

Alhliða viðhald fasteigna



## Allt á einum stað

- » Viðgerðir og viðhald
- » Klæðningar og þök
- » Nýsmíði og viðbyggingar
- » Eldhús, baðherbergi, íbúðir og skrifstofur
- » Hurðir, gluggar og gler
- » Innréttingar – Hönnun, smíði og uppsetning
- » Borðplötur
- » Neyðarþjónusta 24/7 – Gler, leki, bruni ofl.



# Fjarðarheiðar- göngin í útboð á næsta ári

Reiknað er með að Fjarðarheiðargöng verði tilbúin til útboðs um mitt næsta ár. Þau verða 13,3 kílómetrar að lengd og því lengstu vegagöng landsins. Reikna má með að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta ársins 2023 og að göngin verði tilbúin árið 2029.

Forhönnun Fjarðarheiðarganga lauk í fyrra og að sögn Freys Pálssonar, hönnunarstjóra hjá Vegagerðinni, er nú unnið að umhverfismati framkvæmdanna.


„Frummatsskýrsla verður væntanlega send Skipulagsstofnun í september og gert ráð fyrir að mati á umhverfisáhrifum ljúki í byrjun næsta árs, ef allt gengur að óskum. Vinna við verkhönnun og gerð útboðslýsinga hefst einnig í haust og samkvæmt því má reikna með útboði sumarið 2022. Það þýðir að einhver undirbúningsvinna verktaka gæti hafist fyrir lok þess árs en vorið 2023 ætti vinna við aðal verkhluta ganganna að geta hafist af fullum krafti,“ segir Freyr.

Fjarðarheiðargöng verða hæst í miðju og með 1,5% halla til hvorrar áttar. Gangamunur eru í um 140 metra hæð yfir sjó bæði Seyðisfjarðarmegin og Egilsstaðamegin. Lega ganganna er því ákveðin en enn er til skoðunar hvaða útfærsla verður á vegtengingu við Egilsstaði.

„Það eru þrjár vegtengingar við Egilsstaði í skoðun í matsvinnunni en væntanlega mun ákvörðun um útfærslu þeirra liggja fyrir í haust,“ segir Freyr. Aðspurður segir hann góðar aðstæður beggja vegna ganganna.

„Okkar útgangspunktur í und-

irbúningnum er að göngin verði grafin beggja vegna frá. Við búumst við svipuðum aðstæðum í þessari framkvæmd og var í Norðfjarðargöngum og Fáskrúðsfjarðargöngum. Þetta er kalt svæði og jarðhiti á því ekki að vera vandamál, né heldur sérstaklega mikið vatn, þó einhvers vatns sé alltaf að vænta. Almennt hefur gengið nokkuð vel að grafa göng á þessu svæði,“ segir Freyr.



■ Fjarðarheiðargöng verða 13,3 km að lengd og gætu orðið tilbúin árið 2029.



■ Tölvumynd af sólartorgi sem verður til framan við Tollstöðvarhúsið.



■ Svona mun gatan líta út eftir að framkvæmdum lýkur við Hafnarhúsið.

## Sólartorg við Tryggvagötu

Nú eru hafnar framkvæmdir á ný í Tryggvagötu í Reykjavík en um er að ræða annan áfanga verksins sem er fyrir framan Hafnarhúsið. Verkinu er skipt upp í smærri einingar til að tryggja sem best aðgengi að nærliggjandi rekstri og er til að mynda hægt að sjá til

þess að aðgengi að Listasafni Reykjavíkur haldist óbreytt á framkvæmdatímanum.

Í fyrra var unnið að umbreytingu á Tryggvagötu við Tollhúsið og verður yfirborðsfrágangi þar lokið næsta sumar. Akandi umferð er vikið frá húsinu og skapað

spennandi sólartorg undir mósaikmynd Gerðar Helgadóttur sem í raun hefur aldrei notið sín á vegg Tollshússins. Stefnt er að því að ljúka við stéttina sunnan megin götunnar í apríl en að torgið sjálft við listaverkið verði klárt fyrir sumarið. Rekstraraðilar við

Tryggvagötu munu fá tækifæri til að nota hluta torgsins fyrir gesti sína í samstarfi við Reykjavíkurborg.

## Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt  
silfurgrátt og dökkgrátt

HAGBLIKK





# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali



DUNDERDON

Nú fást **Snickers** vinnuföt í

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

Mikið úrval af öryggisvörum



Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



Verkfæri og festingar



# Mörg spennandi verkefni fram undan hjá Skugga

„Við erum um þessar mundir að þróa stóran byggingareit við Hamranes í Hafnarfirði en þar verður byggt upp 140 íbúða verkefni. Einnig erum við með nokkrar sérþýlislóðir í Skarðshlíðinni þar í bæ. Þá stendur Skuggi nú fyrir uppbyggingu í Vestmannaeyjum en við erum að breyta gamla pósthúsinu þar í 17 litlar íbúðir. Svo erum við með 8 lóðir undir einbýlishús rétt við golfvöllinn í Eyjum en það er einstakt byggingasvæði með stórkostlegu útsýni. Stefnan er að leigja þau hús út til innlendra sem erlendra ferðamanna,“ segir Kristjana Lind Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri Byggingarfélagins Skugga.

Annars staðar í Sóknarfæri að þessu sinni er sagt frá hugmyndum Skugga um uppbyggingu baðlóns í Vestmannaeyjum. „Við fengum Tark arkitekta til að þróa útfærsluna á baðlóni með okkur. Þarna verður brátt hafist handa um að reisa lón með stórkostlegu útsýni yfir höfnina, Heimaklett og Eyjafjallajökul. Lónið verður hitað upp með orku sem myndast frá væntanlegri sorpbrennslustöð. Við hjá Skugga höfum trú á Vestmannaeyjum og sjáum tækifæri í að koma þar að verkefnum með krafti á næstu árum. Eyjar eru gríðarleg náttúruperla sem bíður upp á mörg spennandi tækifæri,“ segir Kristjana.

## Eitt fyrsta þéttingarverkefnið

Skuggi hefur verið umsvifamikill á byggingamarkaði undanfarið ár og er einmitt þessa dagana að ljúka uppbyggingu á svokölluðum RÚV-reit við Efstaleiti í Reykjavík. Þar hafa á skömmum tíma verið byggðar 345 íbúðir og eru þær allar seldar. „Þetta var afar skemmtilegt verkefni en um leið krefjandi því það er alltaf flóknara að byggja á þessum svokölluðu þéttingarreitum. Skuggi festi kaup á lóð eftir vinningstillögu Arkþings, okkur þótti þetta verulega spennandi verkefni til að takast á við og hefja byggingu á. Það tók um eitt ár að deiliskipuleggja þetta hverfi og síðan tók við uppbyggingin sjálf. Samstarfið við borgina var mjög gott en þetta var eitt af fyrstu stóru þéttingarverkefnum í borginni og kallaði á margar nýjar ákvarðanir í skipulagi sem gengu vel fyrir sig. Þá var samstarfið við hönnuðina mjög gott en að þessu verkefni komu stofurnar Tark, Arkþing og Hornsteinar. Það lögðust allir á eitt og ég held að flestir séu mjög ánægðir með útkomuna,“ segir Kristjana.

## Byggt upp í Skuggahverfi

Skuggi hefur staðið fyrir fleiri stórfamkvæmdum í borginni síðustu árin. „Saga okkar nær um áratug aftur í tímann en árið 2011 keyptum við fohelt hús við




■ Kristjana Lind Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri byggingafélagsins Skugga með RÚV-reitinn í baksýn. „Samstarfið við borgina var afar ánægjulegt en þetta var eitt af fyrstu þéttingarverkefnum í borginni og kallaði á margar nýjar ákvarðanir í skipulagi.“

Mynd: SIGÓSIG ljósmyndun.

Mánatún 3-5 og lukum þar frágangi og sölu á 55 íbúðum á tveimur árum. Um sama leyti tókum við að okkur uppbyggingu á Vatnsstíg 16-18 og lukum byggingu 42 íbúða þar á tiltölulega skömmum tíma. Á þessum árum voru erfiðleikar vegna afleiðinga fjármálahrunsins en okkur tókst

að koma Skuggahverfinu á skrið aftur. Við reistum fleiri stórhýsi í því hverfi; Lindargötu 39 á árunum 2014-2016 með 36 íbúðum og Vatnsstíg 20-22 þar sem er 41 íbúð og lauk þar með uppbyggingu í svokölluðu Skuggahverfi. Einnig byggðum við að 25 íbúða hús við Lindargötu 28. Að þessu


loknu unnum við að breytingu hússins við Suðurlandsbraut 12 úr skrifstofuhúsnæði í þar sem nú er 106 herbergja Reykjavík Lights Hotel. Fleiri verkefni má nefna, m.a. endurbyggingu hússins við Laugaveg 46 og Víkurhvarf 3 fyrir Námsgagnastofnun og Orf líf-tækni.“




Hitaveiturör Stál



Hitaveiturör Pex flextra



Kaldavatnsrör



Ídráttarrör



Stál tengi



Inntakspéttingar



Lokar Tengir Mælar



Lokar



Pex tengi

ÍSRÖR

Hringhella 12  
221 Hafnarfjörður

565 1489

isror@isror.is

ISROR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ  
OKKAR INN Á ISROR.IS





**GKS**  
- gamla kompaníð -

# HEILDARÞJÓNUSTA

HAGSTÆÐAR LAUSNIR • TILBÚNAR LAUSNIR • SÉRSMÍÐI  
INNIHURÐIR • HLJÓÐVISTARKERFI • GLERVEGGIR • BORDPLÖTUR





# Húsamiðjan hugar að umhverfinu

„Húsamiðjan hefur sett sér skýra umhverfisstefnu og skuldbindur sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif í byggingarframkvæmdum. Við finnum vel að okkar viðskiptavinir eru áhugsamir um þessi mál og til að auðvelda þeim valið bjóðum við æ fleiri vörur sem uppfylla kröfur um sjálfbærni og eru merktar norræna umhverfismerkinu Svaninum eða öðrum viðurkenndum vottunum,“ segir Kenneth Breiðfjörð, framkvæmdastjóri fagsölusviðs Húsamiðjunnar.

## Umhverfsvottaðar byggingar og minna kolefnisspor er það sem koma skal

Kenneth segir að stórir söluaðilar á byggingavörum séu í góðri stöðu til að hafa áhrif á umhverfismálin og hjálpa til við að létta kolefnisfótsporið vegna byggingaframkvæmda. „Fjöldmargir byggingaraðilar, allt frá einstaklingum upp í stórfyrirtæki á byggingamarkaði hafa stigið stór skref í átt að umhverfissvænni byggingarlausnum síðustu miss-



■ Kenneth Breiðfjörð, framkvæmdastjóri fagsölusviðs Húsamiðjunnar. „Húsamiðjan hefur gefið út sérstakan bækling með vörulista yfir umhverfissvæn byggingarefni sem má nota í Svansvottaðar og aðrar umhverfissvænar byggingar.“



Selfoss – Eyrarbakki – Stokkseyri

## Sveitarfélagið Árborg gæti verið kjörin staðsetning fyrir þitt fyrirtæki

- » Nálægð við inn- og útflutningshöfn
- » Fjölskylduvænt umhverfi
- » Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- » Kraftmikið samfélag með hátt menntunarstig

Nánari upplýsingar veitir  
Gísli H. Halldórsson,  
bæjarstjóri Árborgar  
gislihh@arborg.is



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**  
www.arborg.is



## Fyrsta uppgerða húsið í Svansvottunarfæri

Kenneth Breiðfjörð segir að margir verktakar og byggingameistarar spái mikið í umhverfismálin og leggi sig fram um að velja réttu vörurnar. „Ég get nefnt sem dæmi Gísla Sigmundsson hjá Breytingu ehf en hann er að endurbyggja gamalt hús við Þingholtsstræti 35 í Reykjavík. Það hús verður fyrsta uppgerða húsið á Íslandi sem er í Svansvottunarfæri. Húsasmiðjan útvegar allt byggingarefnið sem þarf að vera Svansvottað eða leyft í Svansvottaðar byggingar en stefnt er á að húsið verði í heild Svansvottað þegar endurgerðinni er lokið. Þar með verður húsið það fyrsta í miðbæ Reykjavíkur sem hlýtur slíka vottun. Við vitum að fleiri aðilar hafa áhuga á að nálgast Svansvottað byggingarefni og munum við halda áfram að merkja þær vörur sérstaklega á heimasíðu Húsasmiðjunnar og í næstu bæklingum frá okkur.“



erin sem er afar gleðilegt. Húsasmiðjan tekur fullan þátt í þessari vegferð. Nú höfum við t.d. gefið út sérstakan bækling eða vörulista yfir umhverfisvæn byggingarefni sem má nota í Svansvottaðar og aðrar umhverfisvænar byggingar. Vörulistann má finna á heimasíðunni okkar, husa.is og þá er einnig auðvelt að finna umhverfisvottaðar vörur í vefverslun okkar. Við bjóðum nú þegar upp á um 4.000

vörunúmer sem teljast vera umhverfisvottaðar vörur eða vænni kostur fyrir umhverfið og henta því t.d. í Svansvottuð og BREEAM byggingaverkefni. Við erum sífellt að bæta við nýjum vörum til að geta enn betur mætt kröfum viðskiptavina okkar.“ segir Kenneth.

### Mygluvarið timbur – nýjung á Íslandi

„Timbur er eitt umhverfisvænsta byggingarefni sem til er og býður

Húsasmiðjan nær eingöngu FSC vottað timbur. Þróunin í Evrópu og Skandinavíu hefur verið þannig að meiri áhersla hefur verið lögð á timbur í byggingar og hafa margar stórbyggingar verið reistar úr timbri síðustu árin. Stærri byggingar og heilu hótelin hafa verið byggð úr timbri að mestu eða öllu leyti,“ segir Kenneth

Húsasmiðjan hefur nú hafið sölu á mygluvörðu byggingatimbri sem er yfirborðsmeið-

höndlað með Vascol mygluvörn sem er vatnsuppleysanlegt efni án skaðlegra efna og leyfilegt til notkunar innanhúss. „Efnið myndar vörn á timbrinu gegn hugsanlegri myglu og minnkar þannig lýkur á mygluskemmdum umtalsvert. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt timbur er fáanlegt hérlandis en mikil umræða hefur verið undanfarin ár um myglu í húsnæði og aukin eftirspurn eftir byggingarefnum sem síður taka í

sig myglu. Timbrið er auðþekkj-anlegt af ljósbláum lit og þannig fer ekki á milli mála hvaða timbur er í notkun.“

husa.is



Við erum  
uppbyggjandi  
– og látum verkin tala!

MótX  
Hlíðasmára 19  
201 Kópavogur



# Ráðgjöf um framtíðarlausnir fyrir hleðslu rafbíla

„Útfærsla á hleðslu rafbíla í fjölbýlishúsum var einfalt viðfangsefni meðan fáir rafbílar voru í umferð. Eftir að stjórnvöld breyttu fjöleignarhúsalögum í maí 2020 og skylduðu húsfélög til að bregðast við óskum um að koma upp rafhleðslustöðvum þarf að huga betur að heildarvirðislagi rafbílahleðslu með áherslu á framtíðarlausnir og réttláta skiptingu kostnaðar milli húsfélaga og einstakra notenda,“ segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

Eignaumsjón býður nú húsfélögum og rekstrarfélögum atvinnuhúsnæðis upp á hlutlausu og faglega sérfræðiúttekt á hleðslufyrirkomulagi rafbíla, ásamt ráðgjöf um bestu framtíðarlausnir varðandi uppsetningu hleðslustöðva rafbíla, með hagkvæmni og einfaldleika að leiðarljósi.

## 50% fólksbíla árið 2031 verði rafbílar

„Áform stjórnvalda um að hætta innflutningi á fólksbílfreiðum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti árið 2030 og ný spá sem við höfum gert sem sýnir að yfir helmingur allra fólksbíla héraendis árið 2036

verði raf- og tengiltvinnbílar. Nú má því segja að stjórnir húsfélaga horfi fram á það að reka lítið raforkusölufyrirtæki innan húsfélagsins,“ segir Daníel. „Því tókum við hjá Eignaumsjón það skref í haust að ráða til okkar byggingarverkfræðing, m.a. til að hjálpa okkur að byggja upp nýja þjónustu sem við köllum Bílastuð. Fyrsti hluti hennar gengur út á að bjóða öllum húsfélögum, hvort sem þau eru í þjónustu hjá okkur eða ekki, upp á hlutlausu og faglega sérfræðiúttekt og ráðgjöf – og hjálpa vonandi þannig stjórnnum húsfélaga að greina bestu rafbílahleðslukosti og framtíðarlausnir fyrir sitt félag. Til að tryggja enn frekar hina faglegu nálgun við að greina stöðuna hefur Eignaumsjón líka fengið til liðs við sig fyrirtækið Tæknivít ehf. en það er með áratuga langa reynslu í allskyns tæknilausnum, s.s. aðgangsstýringum, sjálfvirkni í skráningu, vigtarkerfum og gjaldtöku.“

„Úttektarskýrsla, sem unnin er af verkfræðingum okkar og Tæknivits, uppfyllir lagalega skyldu um úttekt á áætlaðri framtíðarþörf rafbíla, eins og fjöleignarhúsalögin mæla fyrir um. Skýrslan verður að sjálfsögðu eign viðkomandi húsfélags, sem



■ Fulltrúar Eignaumsjónar og Tæknivits sem undirrituð samstarfssamning félaganna. Frá vinstri: Stefán Birnir Sværri-son, rafmagns- og tölvuverkfræðingur hjá TækniVali, Magnús Þór Karlsson, véltækni- og stofnandi Tækni-vals, Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar og Bjarni Gnýr Hjarðar, byggingarverkfræðingur og sérfræðingur hjá Eignaumsjón.

getur í framhaldinu nýtt hana eins og hentar,“ segir Daníel og bætir aðspurður við að verð úttektarinnar ráðist af þeim fjölda eigna sem tilheyri viðkomandi húsfélagi.

## Sparar umtalsverða fjármuni

„Aðstæður eru auðvitað ólíkar hjá húsfélögum í þessu sem öðru. Margir hafa þó þegar kallað eftir tilboðum frá söluáðilum raf-

hleðslubúnaðar til að fá verðhugmyndir og jafnvel tillögur að útfærslu. Til að ná fram skynsamlegri lausn til framtíðar teljum við góðan kost fyrir húsfélög að kalla okkur til aðstoðar. Þegar um er að ræða fjárfestingar sem geta hlaupið á milljónum króna fyrir meðalstórt húsfélag er úttekt, á þáttum eins og öryggi, orkuaf-föngum, álagsdreifingu, gæðum búnaðar, tæknilegri getu, snjall-

lausnum, áreiðanleika gjaldfærslu á notendur og öruggu fyrirkomulagi innheimtu, fljót að spara bæði húsfélaginu og íbúum margfalda þá upphæð sem úttektarskýrslan kostar,“ segir framkvæmdastjóri Eignaumsjónar að lokum.

eignaumsjon.is



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ



## Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER

NormX getur nú boðið vandaðar finnskar svalalokanir frá COVER. COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförunum árum.



COVER

FINNSK  
GÆDI Í  
35 ÁR

Rammalaus, nútímaleg og falleg hönnun COVER glerbrautakerfisins eykur notkunargildi frá örfáum dögum á ári í heilsársnotkun. COVER verndar og heldur viðhaldi í lágmarki á því svæði sem það hylur.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is





ÍSLYFT EHF - NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI.



# MANITOU

- MEST SELDI SKOTBÓMULYDTARINN Á ÍSLANDI!

Eitt þekktasta merki í skotbómulyfturum og skotbómutækjum í heiminum.  
Merkið hefur auk þess verið mest selda tækið á Íslandi á þessu sviði um langt skeið.



# Innlend framleiðsla skiptir máli

„Við erum auðvitað í harðri samkeppni við innflutt gler en teljum okkur vel samkeppnisfær á þessum markaði. Fyrir þjóðarþúíð allt skiptir máli að framleiðsla haldist inni í landinu enda skapar hún langa virðisæðju sem allir njóta góðs af. Það er sérstaklega gremjulegt að opinberir aðilar skuli ekki gera sér grein fyrir þessu. Þótt innflutt vara virðist stundum ódýrari í byrjun þá tapar samfélagið skatttekjum starfsmanna og öllum þeim virðisauka sem verður til við framleiðslu hér á landi,“ segir Einar Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Íspan Glerborgar í samtali.

## Rótgróid iðnfyrirtæki

Íspan var stofnað árið 1969 og sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á gleri og speglum. Íspan var lengst af rekið undir stjórn Gríms Guðmundssonar og síðar barna hans en haustið 2017 var fyrirtækið selt Austurbergi ehf sem er fjölskyldufyrirtæki. Á dögum keypti Íspan vörumerkið Glerborg ásamt sölu Glerborgar á tvöföldu gleri, speglum, hertu gleri og fylgihlutum því tengdu. Mikil þekking og fagmennska er til staðar hjá Íspan Glerborg en hjá félaginu starfa yfir 40 manns í framleiðslu- og sölu.

Einar segir að merki Glerborgar sé vel þekkt á markaðnum og kaupin falli vel að markmiðum Íspan um að auka veg innlestrar framleiðslu á gleri og speglum.



■ Einar Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Íspan Glerborgar. „Þótt innflutt vara virðist stundum ódýrari í byrjun þá tapar samfélagið skatttekjum starfsmanna og öllum þeim virðisauka sem verður til við framleiðslu hér á landi.“



■ Mikil þekking og fagmennska er til staðar hjá Íspan Glerborg en hjá félaginu starfa yfir 40 manns við framleiðslu og sölu..

„Með þessu getum við boðið viðskiptavinum Glerborgar enn betri þjónustu og styttri afhendingartíma á gleri þar sem meginhluti framleiðslunnar á sér stað hér á landi.“

## Hágæða framleiðsluferli

Íspan Glerborg býður hágæða einangrunargler og spegla ásamt fjölbreyttu úrvali af annars konar gleri s.s. samlímdu öryggisgleri, hljóðvarnargleri, hömrðu gleri, lókkðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, vegg, sturtur og borðplötur. Langstærstur hluti framleiðslunnar eru sérpantanir eftir þörfum viðskiptavina og tekur Íspan Glerborg að sér ýmis konar sérsmiði úr gleri og speglum, sandblástur, borun o.fl. ásamt því að bjóða sogskálar og annan



búnað fyrir flutning og ísetningu á gleri.

„Þetta fyrirtæki hefur ávallt lagt mikinn metnað í þjónustu við viðskiptavinum sína og býður m.a. upp á mælingar, heimakstur og uppsetningar á speglum, handriðum, lókkðu gleri og sturtugleri. Íspan Glerborg á einnig í góðu samstarfi við fagmenn sem sérhæfa sig í ísetningu á tvöföldu gleri og getur því bent á aðila í glerjun. Til tryggingar gæðum glersins okkar er framleiðsluferlið undir sterku eftirliti og prófanir gerðar á framleiðslunni samkvæmt reglugerðum og stöðlum.“

## Umhverfisvæn framleiðsla

Við göngum með Einar um verksmiðjuna að Smiðjuvegi 7 en þar er að finna flóknar skurðar- og framleiðsluvélar sem skila m.a. tvöföldum rúðum til ísetningar. „Við flytjum inn hráefni í stórum stærðum frá Evrópu, skerum niður í smærri einingar og setjum saman í tvöfalt gler. Þegar slíkt gler er flutt samsett erlendis frá er aðallega verið að flytja inn loft og af því verður til djúpt kolefnisfótspor sem innlenda framleiðslan hefur ekki. Þess vegna er okkar gler umhverfisvænna en það sem er innflutt.“

ispan.is

## ÁLKLÆÐNINGAR EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Fullvinnsla og sérsmiði á klæðningum og áfellum

Hafðu samband: sala@limtrevirnet.is | 412 5300

limtrevirnet.is



■ Nýr Kársnesskóli mun hýsa leikskóla og yngsta stig grunnskóla. Hann verður við Skólagerði en gamla húsnæði skólans hefur þegar verið rífið.

Mynd: Batterið.

# Fyrsti Svansvottaði skólinn

Ríkiskaup hafa birt lista yfir þá sjö verktaka sem buðu í byggingu nýs Kársnesskóla við Skólagerði í Kópavogi. Ítalski verktakinn Rizzani de Eccher bauð lægst í verkefnið eða um rúma 3,2 milljarða króna. Kostnaðaráætlun Kópavogsbæjar er 3.657 milljónir króna. Útboðið er það stærsta sem sveitarfélagið hefur ráðist í en verklok eru áætluð vorið 2023. Byggingin verður fyrsta Svansvottaða skólahúsið hér á landi.

Það var í febrúar 2017 sem ákveðið var að rýma gamla skólahús Kársnesskóla við Skólagerði eftir að miklar rakaskemmdir og mygla fundust í húsinu. Húsið stóð autt í rúmt ár en þá var boðin út hönnun á nýjum skóla og í

október 2018 var gamla byggingin rífin. Íþróttahúsið stendur þó enn og mun áfram sinna hlutverki sínu við hlið nýs skólahúsnæðis.

Fyrir liggja teikningar af skólanum en hann verður samtals 5.750 m<sup>2</sup>, sambyggður leik- og grunnskóli fyrir um 400 nemendur. Byggingin verður á einni til þremur hæðum. Eftir að forhönnun hússins lauk var ákveðið að byggja skólann úr KLT timbureiningum og að hann yrði Svansvottaður. Þetta verður því fyrsti skóli landsins sem fær slíka vottun. Verkfræðistofan Mannvit sá um heildarhönnun skólans að loknu útboði en Batterið og Landslag ehf. unnu að verkefninu með Mannviti.





Brave Ground

Chocolate Bar



**Trust og Timeless  
litirnir 2021**  
frá Nordsjö





# Samsettar áklæðningar frá Idex

**Idex ehf. Víkurharfi 6 í Kópavogi sérhæfir sig í þjónustu við byggingariðnaðinn og selur meðal annars samsetta utanhússklæðningu frá Alucoil. Áklæðningar, er orðinn stór þáttur í vöruvalinu hjá Idex.**

## Hentar öllum húsum

Örn Sigurðsson, sölufulltrúi hjá Idex, segir að samsettu klæðningarnar séu úr 0,5 mm áli með kjarna á milli. Kosturinn við þessar klæðningar sé hversu auðvelt er að vinna með þær og forma þær. „Það er mjög auðvelt að vinna úr þessu efni á byggingarstað. Í flestum tilvikum vill viðskiptavinur að við vinnum klæðningarnar í verksmíðju til að spara vinnu á staðnum. Þetta er því annað efni en hið hefðbundna tveggja millimetra ál sem er forunnið og beygt í blikksmíðjum. Klæðningarnar henta nánast öllum húsum. Við höfum klætt fjölda húsa stórra sem smárra. Stærstu verkefni hafa verið hús Flugstjórnarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkflugvelli, BL húsið við Hestsháls, Stapaskóli og blokkir við Hlíðarenda.

## Samsetta áklæðningin skilar afar slétt áferð

Einn aðalkostur samsettu áklæðningarinnar er hversu slétt áferðin verður. „Klæðningin er framleidd í nokkrum staðallitum en hana er hægt að fá í margvís-



■ Stapaskóli í Reykjanesbæ. Samsetta áklæðningin er framleidd í nokkrum staðallitum en hana er hægt að fá í margvíslegum gerðum, bæði með kopar og stáli og í ýmsum sérlitum.

legum gerðum, bæði með kopar og stáli og í ýmsum sérlitum. Einnig er hún fánæg í tveggja lita tónum þannig að mismunandi litir verða á klæðningunni eftir því hvernig sólarljósið fellur á hana.

Örn segir að stóri kosturinn sé að auðvelt er að fá falleg horn á klæðninguna og hún býður upp á aðra möguleika en hefðbundnar klæðningar.

## CLT krosslímdar timbureiningar.

Idex hefur boðið upp á húseiningar úr krosslímdu timbri frá árinu 2013. Vinsældir krosslímds timburs hafa vaxið gífurlega á undanfórnum árum og má nefna sem dæmi að byggðir hafa verið yfir 200 skólabyggingar í Skandinavíu á undanfórnum árum. Nýlegar sænskar rannsóknir sýna að timburbyggingar eru 16% ódýrari í

byggingu en aðrar byggingar, þær eru 20% fljótlegri í byggingu og hjá þeim sem vinna við timburbyggingar er 50% minna um veikindi. Einnig sýndu sömu rannsóknir að 40% minni sóun verður við framleiðslu og reisingu bygginga úr timbri en bygginga úr stáli og steypu. Steyptar byggingar eru með um það bil 300kg/m<sup>3</sup> magnþéttleika meðan stálbyggingar

(sem venjulega eru með steyptar gólfplötur) eru oftast með magnþéttleika upp á 160kg/m<sup>3</sup>. Timburbyggingar eru með kringum 70kg/m<sup>3</sup> magnþéttleika. Byggingar gerðar úr timbri, sérstaklega háar byggingar, geta verið fjórum til fimm sinnum léttari en hefðbundnar. Það leiðir af sér lægri kostnað og minni mengun. Byggingariðnaðurinn losar í dag um 40% af CO<sub>2</sub> í heiminum og viðurninn, sem koltvísýrings hlutlaust byggingarefni, er því eina leiðin að sjálfbærri framtíð. Ofan á allt þetta þá voru skólar nokkrar af fyrstu CLT byggingum sem afhentar voru til Bretlands. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessum byggingum sýna að sýnilegt timbur í innviðum hefur veruleg áhrif á nemendur hvað varðar vellíðan og námsgetu.

## Bjart fram undan

Örn segir að byggingamarkaðurinn sé talsvert virkur um þessar mundir þrátt fyrir Covid og talsverðar framkvæmdir í gangi. Mikið er ógert í innviðum samfélagsins sem, ef að líkum lætur, verður ráðist í á komandi árum. Við lítum björtum augum til framtíðar hvað varðar þjónustu við byggingamarkaðinn.

idex.is

# Við höfum varðveitt ylinn í íslenskum húsum í 60 ár



## Hágæða einangrunarplast

- fyrir sökkla
- undir gólfplötur
- á útveggi og þök


CE-vottuð einangrun

á að vera í öllum byggingum á Íslandi



TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • [tempra@tempra.is](mailto:tempra@tempra.is) • [www.tempra.is](http://www.tempra.is)





**Bjóðum færribönd  
af öllum stærðum og gerðum  
Ýmislegt annað fyrir sjávarútveginn**




**GÚMMÍSTEYPA  
Þ. LÁRUSSON EHF.**





## GKS með gæðavörur



GKS á Funahöfða 19 í Reykjavík er gamalgróinn framleiðandi innréttinga fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Auk eigin smíði býður GKS upp á vörur frá Nobilia í býskalandi en það er stærsti inn-

réttingaframleiðandi Evrópu. Margir stórir verktakar hafa tekið þessar innréttingar sem eru bæði ódýrar og vandaðar.

GKS sérhæfir sig einnig í allri smíði innanhúss og býður fjöl-

breytt vöruval, hönnunarþjónustu, framleiðslu og uppsetningu á byggingarstað. Fyrirtækið er vel tækjum búið og smíðar m.a. eldhúsinnréttingar, baðherbergisinnréttingar, fataskápa, skrif-

stofuhúsgögn og annast einnig alls kyns sérsmíði.

Í sýningarsal GKS á Funahöfðanum gefur að líta brot af vörum fyrirtækisins en þar eru einnig sérfræðingar til taks sem

útfæra teikningar og lausnir fyrir viðskiptavinina.

gks.is

## GÖNGUM VEL UM LANDIÐ OKKAR





**GIRA**

Smart Home.  
Smart Building.  
Smart Life.

# Kveikt.

Hvernig væri ef við sæjum meira en bara svart eða hvítt? Kveikt eða slökkt? Hvað með heiminn þar á milli? Í öllum sínum fjölbreyttu formum, litum og litbrigðum. Eða í hrífandi matt-svörtu. Erum við ennþá að tala um rofa eða um spennandi leið til að slökkva ljósið?

# Slökkt.

Hin glæsilega hönnun á Gira E2-rofalínunni í svartmöttum lit.

[gira.com](http://gira.com)



**S·GUÐJÓNSSON**

Smiðjuvegur 3  
200 Kópavogur  
Sími: 520-4500  
[www.sg.is](http://www.sg.is)

Gira / hönnun á rofum



# Árborg – ört stækkandi samfélag

„Eins og allir vita hefur verið mikill uppgangur í Árborg á síðustu árum og íbúum fjölgad hlutfallslega meira en víðast hvar annars staðar. Bæjaryfirvöld vilja bregðast við þessu og eru með fjölmörg stór verkefni í pípunum sem er ráðist í til að þjóna ört stækkandi samfélagi,“ segir Atli Marel Vokes, sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar í samtali.

## Nóg af lóðum

Atli Marel stiklar á stóru þegar hann er spurður út í helstu verkefni sveitarfélagsins. „Við vorum að opna tilboð í gatnagerð 2. áfanga Björkustykkis sem er helsta byggingarland sveitarfélagsins núna. Það eru allmargir langt komnir með að koma sér fyrir í Björkustykkinu og við gerum ráð fyrir að geta úthlutað fyrstu lóðunum í 2. áfanga strax næsta haust. Auk Björkustykkis eru einkaaðilar með fjögur hverfi á teikniborðinu eða í byggingu hér í Árborg svo verður því nóg framboð af lóðum,“ segir Atli Marel.

## Íþróttahús og skólar

Í sumar er ætluin að vígja nýtt fjölnota íþróttahús á Selfossi en það er bygging upp á um 6.500 m<sup>2</sup>. Það er ístak sem reisir húsið. Víðar er lögð áhersla á aðstöðu fyrir yngri kynslóðirnar því bærinn er nú að byggja sex deilda leikskóla sem heita mun Goðheimar og er í austurhluta bæjarins. Þar verða um 120 nemendur. Strax eftir páska verða opnaðar 3 deildir en allar deildirnar verða komnar í fulla starfsemi eftir sumarfrí leikskólanna. „Loks vil ég nefna fyrirhugaðan grunnskóla í Björkustykkis sem heita mun Stekkjaskóli. Það var verið að opna tilboð í fyrsta áfanga hans á dögnum og munu fyrstu nemendurnir flytja í nýja húsið haustið 2022. Skólinn tekur til starfa í haust og verða um 150 nemendur í færanlegum kennslustofum fyrsta veturinn,“ segir Atli Marel.



■ Nýi miðbærinn í Árborg vekur mikla athygli gesta og gangandi.



■ Leikskólinn Goðheimar í byggingu.



■ Fjölnota íþróttahús mun gjörbreyta aðstöðu íþróttaiðkenda. Ljósmyndir Árborg.



■ Framkvæmdir við Stekkjaskóla eru að hefjast.



■ Stöðugt er verið að endurnýja veitukerfi Árborgar.

## Hugað að fráveitunni

Bæjaryfirvöld hafa fyrir nokkru sett sér metnaðarfull markmið varðandi fráveitumálin og er stefnt á að reisa fullkomnustu hreinsistöð sem til er á landinu í Árborg innan tíðar. Frummatskýrsla liggur fyrir, hönnun að fara af stað og stefnt á útboð framkvæmda í haust. Þetta mun verða mikið framfaraskref fyrir byggðina. Búið er að greina stöðuna á fráveitumálum í sveitarfélaginu og útbúa 10 ára aðgerðaráætlun með það að markmiði að koma skikki á fráveitumál sveitarfélagsins. Samhliða framkvæmdum við endurgerð gatna er núverandi kerfi aðgreint í regnvatn og skólp.

## Hringtorg og menningarsalur

Í stuttu spjalli er útilokað að nefna alla verkþætti sem eru í gangi hjá sveitarfélaginu Árborg. Nefna má gerð tveggja nýrra hringtorga og einna undirganga í samstarfi við Vegagerðina en þeirri framkvæmd lýkur í haust, hönnun og undirbúningur Menningarsalar Suðurlands er í fullum gangi og ljósleiðaravæðingu í dreifbýlinu er lokið og þéttbýlið langt komið. „Þannig má áfram telja en það er í mörg horn að líta í rúmlega 10.500 manna sveitarfélagi sem fer ört stækkandi,“ segir Atli Marel að lokum.

arborg.is

# Þenslutengi fyrir sprinklerkerfi

MD vélar eru með Evrópuumboð fyrir þenslutengi sem ætluð eru fyrir vatnsúðakerfi til brunavarna í byggingum. Þessi tengi eru einstaklega sveigjanleg og m.a. ætluð í háhýsi og byggingar þar sem hættu er á jarðskjálftum eða öðrum stærri hreyfingum. Þessi tengi uppfylla ströngustu gæðastaðla og eru m.a. UL og FM vottuð.

## Bandarísk gæðavara

Um er að ræða gæðavöru frá bandaríska fyrirtækinu Metraflex sem er meðal þeirra fremstu í heiminum á þessu sviði og hefur m.a. unnið til verðlauna hjá Consulting Specifying Engineers fyrir nýsköpun. „Við höfum um árabil selt þenslutengi af ýmsum gerðum bæði standard tengi en einnig sérhönnuð eftir þörfum viðskiptavinarins. Með Evrópuumboði fyrir Metraflex erum við að bæta við vöruúrvalið og bjóða þessa nýng sem er einstök gæðavara fyrir að-



stæður sem geta verið erfiðar,“ segir Laila Björk Hjaltadóttir, fjármála- og viðskiptastjóri MD véla.

## Mikill sveigjanleiki

„Þessi tengi frá Metraflex eru einkum hönnuð fyrir sprinklerkerfi og hafa einstakan sveigjanleika þannig að þau geta hreyfst allt að 360° og hafa mikla hreyfigetu allt að 60 sentimetra á stærstu tengjunum. Þau taka margfalt minna pláss en núverandi lausnir, eru mjög auðveld í uppsetningu og örugg við erfiðustu aðstæður. Erlendis hafa þessi tengi einnig reynst vel í háhýsum sem geta

tekið á sig mikinn vind sem veldur hreyfingu á bygginguni. Hér á landi höfum við selt tengi m.a. til gagnavera þar sem miklar öryggisískröfur eru gerðar.“

## Sérhannað upphengikerfi

Tengi frá Metraflex koma í mörgum stærðum og með mismunand hreyfanleika. Þá er hægt að setja tengi upp hvort sem er lárétt eða lóðrétt. „Loks má nefna að stærri tengi eru með sérstökum sleppi-búnaði sem losar tengið við mikla hreyfingu og með því nýtist allur hreyfanleiki tengisins. Að skjálftanum afloknum eru þau einfald-

■ Tengin frá Metraflex taka margfalt minna pláss en núverandi lausnir, þau eru mjög auðveld í uppsetningu og örugg við erfiðustu aðstæður, m.a. í jarðskjálftum. Tengin hafa einstakan hreyfanleika allt að 360° og upp að ± 60 cm.

Stærð allt að 30,48



Hreyfing frá  
± 10 cm  
± 20 cm  
± 40 cm  
± 60 cm

lega hengd aftur upp og eru þá tilbúin til að þjóna hlutverki sínu á nýjan leik.“

## Þenslutengi


Eins og áður sagði bjóða MD vélar einnig þenslutengi í gúmmi, stál og vef frá viðurkenndum fram-

leiðendum. Þessi tengi eru notuð t.d. til að draga úr spennu og hávaða í lögnum og eru fyrir olíu, kælivatn, heitt vatn, sjó, leysiefni, fitu í matvælaíðnaði og margt fleira.

mdvelar.is



# Byggðu umhverfisvænt hús -úr krosslímdu tré



## Stór eða lítil

- allt eftir þínum óskum

## Umhverfisvæn hús

úr krosslímdu tré

## Bjóðum einnig

glugga, hurðir og  
utanhússklæðningar  
sem hæfa þínu húsi



## Af hverju krosslímdu tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi



Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

[www.idex.is](http://www.idex.is)

# IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - [idx@idex.is](mailto:idx@idex.is)





# Heilsulindir frá NormX

■ Orri Stefánsson, sölustjóri hjá NormX. „Pottarnir frá NormX eru sérhannaðir fyrir íslenskar aðstæður, sérlega sterkir, veðrunarþolnir og auðveldir í þrifum.“

„Það er ljóst að æ fleiri Íslendingar kunna að meta gæði heita vatnsins sem kemur beint úr iðrum jarðar því hér hjá NormX eykst sala á heitum pottum ár frá ári. Það sem af er ári höfum við selt mun meira en á sama tíma í fyrra. Það stefnir í gott „pottaár“ það er engin spurning,“ segir Orri Stefánsson, sölustjóri hjá NormX.

#### Umhverfisvæn framleiðsla

Framleiðsla NormX pottanna fer fram í verksmíðju fyrirtækisins í Vogum á Vatnsleysuströnd en verslun og sýningarsalur er að Auðbrekku 6 í Kópavogi. Þar er veitt ráðgjöf um allt sem varðar val á heitum pottum, frágang og fleira. Pottarnir frá NormX eru heilsteypdir og sérhannaðir fyrir íslenskar aðstæður, sérlega sterkir, veðrunarþolnir og auðveldir í þrifum. Þeir eru framleiddir úr gegnheilum Polyethylene plasti með UV vörn og verjast því sólarljósi vel. NormX hefur framleitt heita potta frá 1982 þannig að það er komin mikil og góð reynsla af þeim. Allir heitir pottar frá NormX eru að fullu endurvinnanlegir.

#### Grettislaugin vinsælust

NormX framleiðir nokkrar tegundir af pottum sem taka 900-2000 lítra af heitu vatni. Þá býður fyrir-

tækið pott fyrir kalt vatn sem nefnist Sigurlaug en sá pottur er 550 l. „Snorralaus, okkar stærsti pottur er mjög vinsæll hjá m.a. Ferðapjónustunni. Hins vegar er Grettislaugin vinsælust við heimahús en það er 1.400 l pottur sem hentar mjög vel fyrir fjölskyldur. Þá hefur Sigurlaug slegið í gegn og er mjög vinsælt að hafa hana við hlið heita pottsins. Köld böð þykja einstaklega góð fyrir líkama og sál, flýta fyrir endurheimt eftir æfingar ásamt því að hjálpa til við að vinna á bólgum í líkamanum.“

#### Úr iðrum jarðar

„Við teljum að hitaveitupottur ætti alltaf að vera fyrsta val þegar kemur að því að velja pott. Heita vatnið kemur jú úr iðrum jarðar en rannsóknir sýna að íslenskt jarðhitavatn gefur vatninu í frægum heilsuhælum erlendis ekkert eftir hvað efnainnihald varðar. Með því að vera með hitaveitupott tryggir þú að vatnið er alltaf ferskt og því ekki þörf á íblöndunarefnum eins og klór eða öðru til að drepa bakteríur. Íslenska vatnið er sannkölluð heilsulind,“ segir Orri.

NormX býður ýmsa aukahluti fyrir pottana s.s. nuddkerfi, ljósa-búnað, hitastýringar, einangruð lok o.fl. Orri segir að handlagin



■ NormX hefur nú tekið yfir sölu á sólskálum og svalalokunarkerfi frá hinum þekktu finnska framleiðanda COVER.

geti auðveldlega komið pottunum fyrir en þeir sem það kjósa geta keypt sérsmíðaðar grindur sem auðveldi allan frágang og tryggja öryggi.

#### Cover svalalokanir

NormX hefur nú tekið yfir sölu á

sólskálum og svalalokunarkerfi frá hinum þekktu finnska framleiðanda COVER. Þessi framleiðandi hefur verið leiðandi á markaðnum í 35 ár og framleiðir svalalokanir, sólskála og garðhús. Vörur fyrirtækisins hafa verið á íslenskum markaði í mörg ár og reynst

afar vel en uppsetning á Cover kerfinu er einföld og það stenst mjög vel íslenskar veðuráðstæður. Þessar lokanir auka notagildi svala og veranda frá örfáum dögum á ári yfir í heilsársnotkun.“

normx.is



Vinnufatnaður



Hífilausnir



Kranar og taliur



Snjókeðjur



Pökkunarlausnir



Fallvarnarbúnaður



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krönum og talium, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistnum á [www.isfell.is](http://www.isfell.is) er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

**Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!**



**ÍSFELL**

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28  
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500  
[www.isfell.is](http://www.isfell.is), [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)



Making our world more productive



## IÐNAÐARGASID FÆST HJÁ LINDE GAS

Linde Gas, áður ÍSAGA, hefur í yfir 100 ár stutt við ört vaxandi íslenskan iðnað og framleiðslu ásamt því að sjá nú heilbrigðiskerfinu fyrir hágæða súrefni á öruggan og umhverfisvænan hátt.

ÞÚ FINNUR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SÖLUSTAÐI OG UMBOÐ FYRIR IÐNAÐARGAS Á LINDE-GAS.IS

**Reykjavík**  
ÍSAGA ehf.  
Breiðhöfða 11  
Sími: 577 3000

**Garðabær**  
Metal ehf.  
Suðurhrauni 12b  
Sími: 545 4600

**Akureyri**  
Sandblástur & málmhúðun hf.  
Árstíg 6  
Sími: 460 1500

**Sauðárkrókur**  
Kaupfélag Skagfirðinga  
-byggingavörudeild, Eyjarvegi 21  
Sími: 455 4610

**Ísafjörður**  
Pröstur Marsellíusson hf.  
Hnífsdalsvegi 27  
Sími: 456 3349

**Reyðarfjörður**  
Launafll ehf, verslun  
Austurvegi 20a  
Sími: 414 9460 | 414 9462

**Selfoss**  
Vélaverkstæði Þóris  
Austurvegi 69  
Sími: 482 3548

**Vestmannaeyjar**  
Nethamar  
Strandvegi 105  
Sími: 481 3226





HÚSASMÍÐJAN

# FYRIR ÞIG

Vörulisti fyrir byggingu á  
Svansvottuðum húsum



Við bjóðum uppá þúsundir byggingavara  
fyrir vistvæn byggingaverkefni.

BREEAM®

